



Þjórsá

Fornleifarannsóknir 2009



Landsvirkjun

Febrúar 2010



Skýrsla nr. LV-2010/003

Þjórsá

Fornleifarannsóknir 2009

Febrúar 2010



Upplýsingablað

Skýrsla LV nr: LV-2010/003

Dags: Febrúar 2010

Fjöldi síðna:

Upplag: 25

Dreifing: ☒ Opin ☐ Takmörkuð til

Titill: Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2009

Höfundar /
fyrirtæki: Bjarni F. Einarsson & Sindri Ellertsson Csillag / Fornleifafræðistofunni.

Verkefnisstjóri: Guðlaugur Þórarinnsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun Power

Samvinnuaðilar: _____

Útdráttur: Vegna hinnar fyrirhuguðu Hvammsvirkjunar þurfti að rannsaka nokkrar rústir sem munu fara undir varnargarð eða lón. Minjarnar sem rannsakaðar voru 2009 reyndust flestar vera ung skepnuhús af ýmsum toga, frá 18. - 20. öld. Umfangsmesta rannsóknin fór fram á rúst fjárborgar í Hagey en hún hefur verið byggð á 17. öld eða snemma á þeirri 18. Rannsóknnum var hladið áfram í landi Þjótanda vegna virkjanaframkvæmda við Urriðafossvirkjun en þar var kannað hús frá seinni hluta víkingaöldar, hvers hlutverk er ekki vitað með vissu en aldursgreiningar benda til þess að húsið hafi verið í notkun um 1010-1170 e. Kr.

Lykilorð: Urriðafossvirkjun, Hvammsvirkjun, Þjórsá, Þjótandi, Hagaey, fornleifarannsókn, fjárborg, víkingaöld, miðaldir, nýaldir.

ISBN nr: 978-9979-9791-4-2

ISSN nr: _____

Undirskrift verkefnisstjóra
Landsvirkjunar



Þjórsá

Fornleifarannsóknir 2009



Bjarni F. Einarsson
Sindri Ellertsson Csillag
2010

Forsíðumyndin sýnir rúst 51:1 í Hagaey á meðan rannsókn stendur.

Þjórsá í baksýn. Í fjarska glittir í rúst 10:1 í Rangárvallasýslu.

(Ljósm. SEC. Horft til S. Stafrænar myndir Árness. nr. 98).

© Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag 2010

Þjórsá: Fornleifarannsóknir 2009

Útgefandi: Landsvirkjun & Fornleifafræðistofan

Útgáfustaður: Reykjavík

Unnið fyrir Landsvirkjun

ISBN 978-9979-9791-4-2

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	4
2	MARKMIÐ OG AÐFERÐAÐFRÆÐI	5
	2.1 MARKMIÐ RANNSÓKNANNA	5
	2.2 AÐFERÐAÐFRÆÐI	5
3	RITHEIMILDIR	10
	3.1 HOLTA- OG LANDSVEIT	10
	3.2 VILLINGAHOLTSHREPPUR	11
	3.3 GNÚPVERJAHREPPUR	11
4	STAÐHÆTTIR	14
	4.1 HOLTA- OG LANDSVEIT	14
	4.2 VILLINGAHOLTSHREPPUR	16
	4.3 GNÚPVERJAHREPPUR	16
5	GREININGAR	19
	5.1 GJÓSKUGREININGAR	19
	5.2 VIÐAR- OG VIÐARKOLAGREININGAR	21
	5.3 C-14 GREININGAR	22
	5.4 GÓLFSÝNAGREININGAR	24
6	UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR FORNLEIFAR	25
	6.1 FORNLEIFAR Í HOLTA- OG LANDSVEIT	25
	6.1.1 RÚST 8:1. FJÁRHÚS Í LANDI SKARÐS	25
	6.1.2 RÚST 10:1. BEITARHÚS Í LANDI SKARÐS	26
	6.1.3 RÚST 13:1. GERÐI Í LANDI SKARÐS	28
	6.1.4 RÚST 15:1. KARLSNESKUMLIÐ	28
	6.1.5 RÚSTIR 16:1-3. EYÐIBÝLI Í LANDI SKARÐS	31
	6.1.6 RÚST 17:1. NÁTTHAGI Í LANDI SKARÐS	34
	6.1.7 RÚST 19:1. GERÐI Í LANDI SKARÐS	34
	6.1.8 FORNLEIÐ 2:10 Í LANDI SKARÐS	35
	6.1.9 FORNLEIÐ 11:1	40
	6.2 FORNLEIFAR Í GNÚPVERJAHREPPI	46
	6.2.1 RÚST 45:1. STEKKUR Í LANDI MINNA-NÚPS	46
	6.2.2 RÚST 46:1. MEINT RÚST Í LANDI MINNA-NÚPS	47
	6.2.3 RÚST 47:1. NÁTTHAGI Í LANDI FOSSNESS	49

6.2.4 RÚST 48:1. STEKKUR Í LANDI FOSSNESS	49
6.2.5 RÚST 51:1. FJÁRBORG Í HAGAHEY	53
6.2.6 RÚST 52:1. BEITARHÚS Í HAGAHEY	54
6.3 SAMANTEKT	57
7 SKARÐSSEL.....	58
7.1 SKARÐSSEL. SAGA JARÐARINNAR	58
7.2 RANNSÓKNIN SUMARIÐ 2009.....	61
8 FJÁRBORG Í HAGAHEY	64
8.1 RANNSÓKNIN.....	64
8.2 GERÐIR FJÁRBORGA	78
9 ÞJÓTANDI VIÐ ÞJÓRSÁ.....	87
9.1 HÚS 4:14. PRUFUHLURANNSÓKN	87
9.2 ALDUR OG NÁNARI TÚLKUN Á HÚSI 4:14	90
10 TEIKNINGAR.....	93
10.1 TEIKNINGAR Á RÚSTUM Í RANGÁRVALLASÝSLU	93
10.1.1 RÚSTIR 2:1-9.....	94
10.1.2 RÚST 8:1	100
10.1.3 RÚST 10:1	101
10.1.4 RÚST 13:1	103
10.1.5 RÚST 15:1	104
10.1.6 RÚST 17:1.....	107
10.1.7 RÚST 19:1.....	108
10.2 TEIKNINGAR AF RÚSTUM Í ÁRNESSÝSLU	109
10.2.1 HÚS 4:14.....	110
10.2.2 RÚST 45:1	114
10.2.3 RÚST 48:1	117
10.2.4 RÚST 51:1	122
10.2.5 RÚST 52:1	127
11 HEIMILDIR.....	131
11.1 PRENTAÐAR HEIMILDIR OG HEIMILDIR AF VERALDARVEFNUM.....	131
11.2 ÓPRENTAÐAR HEIMILDIR.....	136
12 TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR.....	137
13 DAGBÓK	139

13.1 DAGBÓK BFE.....	139
13.2 DAGBÓK SEC.....	141
14 SKRÁR.....	143
14.1. FUNDASKRÁR.....	144
14.1.1 FUNDASKRÁ.....	145
14.1.2 FUNDASKRÁ RÚSTAR 51:1	146
14.2 SÝNASKRÁR	147
14.2.1 SÝNASKRÁ RANGÁRVALLASÝSLU	148
14.2.2 SÝNASKRÁ ÁRNESSÝSLU.....	149
14.2.3 SÝNASKRÁ RÚSTAR 51:1.....	150
14.3 STAFRÆNAR LJÓSMYNDASKRÁR.....	151
14.3.1 STAFRÆNAR MYNDIR RANGÁRVALLASÝSLU	152
14.3.2 STAFRÆNAR MYNDIR ÁRNESSÝSLU	156
14.4 LITSKYGGNUSKRÁ	165
14.5 RANNSÓKNASKRÁR.....	168
14.5.1 RANNSÓKNASKRÁ RANGÁRVALLASÝSLU	169
14.5.2 RANNSÓKNASKRÁ ÁRNESSÝSLU.....	185
14.6 FRUMTEIKNINGASKRÁ	192
15 VIÐAUKAR.....	195
15.1 VIÐARGREINING GERÐ AF DR. ÓLAFI EGGERTSSYNI, JARÐFRÆÐINGI	196
15.2 SKORDÝRAGREINING GERÐ AF HRÖNN KONRÁÐSDÓTTUR, FORNVISTFRÆÐINGI	198
15.3 GJÓSKUGREINING GERÐ AF DR. ÞORVALDI ÞÓRÐARSSYNI, ELDFJALLAFRÆÐINGI	202

I INNGANGUR

Að beiðni Landsvirkjunar tók Fornleifafræðistofan að sér framhaldsrannsóknir á minjum í landi Skarðs í Holta- og Landsveit, löndum Minna-Núps, Fossness og Haga í Gnúpverjahreppi og Þjótanda í Villingaholtshreppi vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda við Urriðafoss- og Hvammsvirkjun.¹ Fornleifafræðistofan hefur séð um umhverfismat á svæðinu fyrir Landsvirkjun vegna sömu framkvæmda frá árinu 2001. Fyrri rannsóknir fóru fram sumrin 2007-2008 og beindust þær rannsóknir einkum að minjum í landi Þjótanda.

Rannsóknirnar árið 2009 stóðu yfir í tæplega tvo mánuði eða frá 15. júlí til 8. september og var því grafið í samtals 8 vikur. Verkefnisstjóri var Bjarni F. Einarsson, en auk hans unnu við rannsóknirnar fornleifafræðingarnir Ármann Guðmundsson, Brynhildur Baldursdóttir, Guðbjörg Melsted, Inga Hlín Valdimarsdóttir, Sandra Sif Einarsdóttir og Sindri Ellertsson Csillag.

Fulltrúi verkkaupa var Helgi Jóhannesson hjá Landsvirkjun. Öllum þessum aðilum eru færðar hinar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og góðan hug. Einnig þökkum við þeim greiningaraðilum sem við sögu koma sem og landeigendum þar sem við á, enginn nefndur, enginn gleymdur. Sérstakar þakkir fær Birna Lárusdóttir sem lét Fornleifafræðistofunni í té M.A. ritgerð sína í fornleifafræði við Háskóla Íslands sem og tölvutækt handrit af bók Magnúsar Ketilssonar, *Underviisun umm þá Íslensku Savdfjár-Hirding*.

¹ Villingaholtshreppur og Gnúpverjahreppur hafa sameinast öðrum hreppum og heita nú Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Í þessari skýrslu verða gömlu heitin notuð.

2 MARKMIÐ OG AÐFERÐAFRÆÐI

2.1 Markmið rannsókna

Í upphafi stóð til að rannsaka alls 25 fornleifar í löndum Skarðs, Minna-Núps, Fossness og Haga en vegna misskilnings sem stafaði af ónákvæmri GPS staðsetningu urðu fornleifarnar 26 sem rannsakaðar voru. Rúst 19:1 var talin vera rúst 17:1, en við nánari skoðun kom í ljós að rúst 17:1 var þar skammt hjá. Auk þessara fornleifa átti að kanna umfang húss 4:14 í landi Þjótanda sem fannst undir lok rannsókna þar árið 2008. Í landi Skarðs voru alls 20 fornleifar kannaðar, þ.m.t meint eyðibýli (16:1-3) og Karlsneskumlið (15:1). Í landi Minna-Núps voru tvær fornleifar rannsakaðar, tvær í landi Fossness og tvær fornleifar í landi Haga, nánar tiltekið í Hagaey. Rannsóknirnar voru liðir í mótvægisáðgerðum vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda við Urriðafoss- og Hvammsvirkjun og voru mótvægisáðgerðirnar í samræmi við tilmæli Fornleifaverndar ríkisins. Í ljós kom að eina rúst í landi Haga þyrfti að rannsaka frekar (rúst 51:1) og var ákveðið að fullrannsaka hana. Rústina á Þjótanda verður að kanna til hlítar síðar. Að öðru leyti eru allar fornleifar sem við sögu koma nú taldar fullkannaðar.


Í þessum hluta verður farið almennt yfir hinar ýmsu aðferðir sem beitt var við fornleifarannsóknirnar sumarið 2009 en umfjöllun um einstakar fornleifar mun fara fram í kafla 6.

2.2 Aðferðafræði

Við rannsóknirnar árið 2009 var misjöfnum aðferðum beitt allt eftir eðli einstakra fornleifa og eftir óskum Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisáðgerðir. Mótvægisáðgerðirnar voru allt frá nákvæmum teikningum á einstaka fornleifum til fullnaðarrannsókna á þeim. Í sumum tilvikum mat Fornleifavernd ríkisins það svo að fornleifaskráning Fornleifafræðistofunnar sem fram fór árið 2001 og síðar væri fullnægjandi. Rannsóknirnar sumarið 2009 beindust því að þeim fornleifum þar sem frekari rannsókna var þörf. Af flestum fornleifunum var gerð nákvæm yfirborðsteikning í mælikvarðanum 1:100. Yfirborðsteikningin ásamt stafrænum ljósmyndum í góðum gæðum og nákvæmri staðsetningu með GPS-hniti var í einhverjum tilvikum talin fullnægjandi mótvægisáðgerð. Þar sem talið var að eldri

minjar gætu leynst undir yngri rústum eða þar sem vafi lék á aldri eða umfangi fornleifanna voru grafnar prufuholur eða könnunarskurðir.

Prufuholurnar voru flestar 1x1 m að stærð en í nokkrum tilvikum voru grafnar stærri prufuholur, t.d. voru tvær prufuholur á Karlsnesi 2x2 m að stærð. Könnunarskurðirnir voru flestir einn metri á breidd en lengd þeirra var breytileg eftir aðstæðum hverju sinni. Prufuskurðunum var valinn staður þar sem talið var að þeir gætu veitt mestar upplýsingar, t.d. þvert á útveggi. Jarðvegur sá sem kom upp við rannsóknir á Karlsnesi (15:1) og meintu eyðibýli (16:1-3) var sigtaður til að ganga úr skugga um að ekki væri farið á mis við gripi eða aðrar mannvistarleifar.



Mynd 1. Guðbjörg Melsted fornleifafræðingur sigtar jarðveg við fornleifar 15:1 á Karlsnesi (Ljósmynd. SSE. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 9).


Könnunarskurðir þjónuðu einnig þeim tilgangi að kanna umfang, eðli og aldur fornleifanna. Í því skyni var bæði teiknuð nákvæm mynd af þversniði könnunarskurðanna í mælikvarðunum 1:20 eða 1:40 og tekin voru gjósku-, viðarkola- eða gólfsýni og þau send í greiningu til sérfræðinga. Þá voru sumir könnunarskurðirnir einnig teiknaðir í plani. Allir könnunarskurðir voru grafnir með handafli eingöngu. Við teikningar var notast við eigið hnita- og hæðakerfi fyrir hverja rúst og voru hæðarpunktarnir áætlaðir sem metrar yfir sjávarmáli. Í einu tilviki, af rústum bæjarstæðis Skarðssels, þótti nauðsynlegt að fá heildarmynd af bæjarstæðinu.

Var það gert með því að fella yfirborðsteikningar af rústunum inn á loftmynd. Þá voru einnig tvær fornleiðir rannsakaðar með þeim hætti að mælingamaður var fenginn til að mæla fornleiðirnar nákvæmlega með GPS-hnitum auk þess sem þær voru ljósmyndaðar á völdum köflum. Farin var sú leið að nota sérstaka fundaskrá fyrir rúst 51:1 í Hagaey en sameiginlega fundaskrá fyrir aðrar fornleifar. Sýnaskrárnar voru þrjár; ein fyrir rúst 51:1, önnur fyrir aðrar fornleifar í Árnessýslu og sú þriðja fyrir fornleifar í Rangárvallasýslu. Ljósmynda- og rannsóknaskrár skiptust eftir sýslunum tveimur en aðrar skrár voru hafðar sameiginlegar. Gripir og sýni frá Þjótanda sem skráðir voru í funda- og sýnaskrá Árnessýslu var auk þess bætt við skrár Þjótanda.

Um einstakar fornleifar, eðli þeirra og aldur verður fjallað um í kafla 6 en rannsókn á hjáleigunni Skarðsseli, fullnaðarrannsókn á rúst fjárborgar í Hagaey sem og frekari rannsóknir á Þjótanda við Þjorsá verður fjallað um í sérstökum köflum (kaflar 7-9). Í næstu þremur köflum verður þó stiklað á stóru í sögu þeirra jarða sem rannsakaðar voru sumarið 2009, um staðhætti á rannsóknarsvæðinu og kynntar verða helstu niðurstöður á greiningum sérfræðinga.




Mynd 2. Misjafnt aðgengi var að þeim fornleifum sem rannsakaðar voru. Á þessari mynd sjást fornleifafræðingarnir Bjarni F. Einarsson og Ármann Guðmundsson stíga á land í Hagaey þar sem rannsakaðar voru tvær rústir (51:1 og 52:1) en aðeins var hægt að komast þangað á báti (Ljósmy. SSE. Stafrænar myndir Árness. nr. 96).



Rúst nr.	Landareign	Hlutverk
2:1-9	Skarð	Eyðibýli (Skarðssel)
2:10	Skarð	Fornleið
8:1	Skarð	Fjárhús
10:1	Skarð	Beitarhús
11:1	Skarð	Fornleið
13:1	Skarð	Nátthagi
15:1	Skarð	Kuml
16:1-3	Skarð	Eyðibýli
17:1	Skarð	Gerði
19:1	Skarð	Fjárborg
4:14	Þjótandi	Skáli?
45:1	Minni-Núpur	Stekkur
46:1	Minni-Núpur	Náttúrumyndun
47:1	Fossnes	Nátthagi
48:1	Fossnes	Stekkur
51:1	Hagi	Fjárborg
52:1	Hagi	Beitarhús

Mynd 3 og Tafla 1. Yfirlit yfir þær fornleifar sem kannaðar voru sumarið 2009. Punktarnir á kortinu sýna þá bæi í hvers landi rannsóknir fóru fram (Kort: Örn Sigurðsson 2000:45-46 Viðbætur: SEC/Fornleifafræðistofan).



3 RITHEIMILDIR

3.1 Holta- og Landsveit

Byggð hefur verið í Holta- og Landsveit frá fyrstu tíð. Sagt er að landnámsbærinn Á eða Árbær hafi staðið á bökkum Þjórsár til móts við Ölmóðsey (*Fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar*:46:1-n).² Þar á að hafa numið land Ketill einhendi eins og segir í Landnámabók: „Ketill enn einhendi hét maðr, son Auðunar þunnkårs; hann nam Rangárvöllu alla ena ytri fyrir ofan Lækjarbotna ok fyrir austan Þjórsá ok bjó at Á (*Íslensk fornrit* 1968:364).

Býlið Skarð er ekki talið til landnámsbæja en mun þó snemma hafa orðið stórbýli því í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar í Skálholti frá því um 1200 er getið um að Skarð sé kirkjustaður (*Íslenskt fornbréfasafn* 1923:7). Loku er þó ekki fyrir það skotið að Skarð kunni að hafa verið landnámsbýli því árið 2002 fannst áður óþekktur skáli í landi Skarðs, skammt NA af gamla bæjarstæði þess austur undir Skarðsfjalli (Bjarni F. Einarsson 2004:80). Skarð kemur einnig fyrir í Biskupasögum og Sturlungu (Kålund 1985:151). Í máldaga Skarðskirkju frá árinu 1332 segir að kirkjan eigi sex klukkur, átta glerglugga og að þar skuli vera tveir prestar auk djákna (*Íslenskt fornbréfasafn* 1888:694-695).

Skarðssel var hjáleiga frá Skarði og er nefnt því nafni fyrst í Sýslu- og sóknalýsingu frá árinu 1845 (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1968:165) og í jarðabók frá árinu 1848 (*Ný Jarðabók fyrir Ísland* 1861:20). Í elstu heimildum um bæinn kemur þó eingöngu fyrir nafnið Sel en þar voru ábúendur árið 1703 Gísli Gissursson, 35 ára, og kona hans Steinunn Gottskálksdóttir (*Manntal á Íslandi árið 1703* 1924-1947:498). Í Jarðabók Árna og Páls sem skráð var árið 1708 er getið sömu ábúenda að Seli (*JÁP* 1913-1917:293). Um nánari byggðasögu Skarðssels og muninn á heitunum Sel og Skarðssel verður fjallað um í 7. kafla.³

² Allar fornleifar sem skráðar eru í Fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar eru skráðar með hlaupandi aðalnúmerum í hverju sveitarfélagi fyrir sig.


³ Páll Jónsson biskup var sonur Jóns Loftssonar í Odda. Sagt er að hann hafi gert bú að Skarði og haldið því á meðan hann var biskup. Hann fór utan til biskupsvígslu árið 1197 (*Íslenskt fornbréfasafn* 1856-1876:354).

3.2 Villingaholtshreppur

Um ritheimildir þær er varða Þjótanda í Villingaholtshreppi hefur þegar verið ritað í fyrri rannsóknarskýrslum Þjótanda sem birtust árin 2008 og 2009. Hér verður því ekki fjallað nánar um ritheimildirnar heldur aðeins vísað til umfjöllunar í þeim skýrslum (sjá Bjarni F. Einarsson & Sandra Sif Einarsdóttir 2008a og 2009).

3.3 Gnúpverjahreppur

Byggð hefur einnig verið í Gnúpverjahreppi frá fyrstu tíð en sagt er í Landnámu að Gnúpverjahreppurinn hafi verið landnám Þorbjarnar laxakarl: „Þorbjörn laxakarl nam Þjórsárdal allan ok Gnúpverjahrepp allan ofan til Kálfár ok bjó enn fyrsta vetur at Miðhúsum. Hann hafði þrjár vetrsetur, áðr hann kom í Haga, hann bjó þar til dauðadags“ (*Íslensk fornrit* 1968:381). Sagnfræðingar hafa þó lengi deilt um nákvæm mörk landnáms Þorbjarnar og hversu mikið af Gnúpverjahreppi hann gaf ættmönnum sínum (sjá t.d. Kálund 1984:137; Haraldur Matthíasson 1982:477-479).



Mynd 5. Hagi eins og hann leit út á árunum 1880-1881 (Coles, John 1964:78).

Um árið 1220, í máldaga kirkjunnar að Vörðufelli, kemur fram að Hagi greiði kirkjunni tíund og er það elsta heimildin um bæinn (*Íslenzkt fornbréfasafn* 1856-1876:406). Bænhús hefur líklega verið í Haga frá Stóru-Núpskirkju en greint er frá því í minnisgrein Gissurar biskups frá árinu 1540 (*Íslenzkt fornbréfasafn* 1911:562). Ekki er vitað með vissu hvar umrætt bænhús hefur staðið en líklega hefur

Það staðið skammt frá bænum. Í landi Haga, undir Lyknýjarbrekkum, var rannsökuð rúst skepnuhúss árið 1939. Undir skepnuhúsinu leyndist um 20 m skáli frá Víkingaöld (Stenberger 1943b:108). Rústirnar kallast Snjáleifartóttir í dag. Hugsanlegt er að skálinn og umhverfi hans hafi verið upphaflegt bæjarstæði Haga. Bærinn hefur svo verið færður þegar skálinn var yfirgefinn, mögulega þangað þar sem hann stendur nú. Mjög hæpið er að bænhúsið hafi staðið á gamla bæjarstæðinu við skálann á Snjáleifartóttum og því líklegra að það hafi verið einhversstaðar í námunda við núverandi bæjarstæði. Nákvæm staðsetning þess er þó enn á huldu þar sem ekki er minnst á það í örnefnalýsingum og núverandi ábúendur kannast ekki við nákvæma staðsetningu þess (munleg heimild: Jóhanna Jóhannsdóttir 2010).

Hagaey, eyja í Þjórsá sem liggur niður af landi Haga, kemur fram í máldaga kirkjunnar á Hólum í Hrunamannahreppi frá árinu 1397 þar sem segir að kirkjan eigi „hrutahofn i Hagaey fra veturnottum til hrutmals“ (*Íslenzkt fornbréfasafn* 1897:45). Sama ákvæði er endurtekið í máldaga frá árinu 1440 (*Íslenzkt fornbréfasafn* 1897:617) og einnig í Gíslamáldaga frá því um 1570 (*Íslenzkt fornbréfasafn* 1947:653). Kirkjan hefur því átt rétt á að beita hrútum í Hagaey frá vetrarnóttum fram á fengitímann en ám var vanalega hleypt til á milli jóla og nýársdags (Þorvaldur Thorodssen 1919:320). Aftur verður vikið að máldaga þessum í umfjöllun um fjárborgina í Hagaey í 8. kafla.

Árið 1587 er vitað að maður að nafni Brynjúlfur Eyjólfsson hafi þá búið í Haga. Hafði hann þá búið þar í fimm ár (*Íslenskt fornbréfasafn* 1888:869). Ábúandi í Haga árið 1703 var Eiríkur Ingimundarsson, þá 43 ára, ásamt konu sinni, Steinunni Halldórsdóttur, 57 ára (*Manntal á Íslandi árið 1703* 1924-1947:532). Eiríkur hafði áður verið síðasti ábúandi á býlinu Sandártungu sem fór í eyði árið 1693 í Heklugosi. Sá bær var seinna rannsakaður af Kristjáni Eldjárn árið 1949 (Kristján Eldjárn 1951:109). Tuttugu og sex árum síðar, í manntali sem gert var árið 1729, bjó Eiríkur enn að Haga, þá 69 ára ásamt konu sinni Guðnýju Þórðardóttur, 41 árs (*Manntal á Íslandi árið 1703* 1924-1947:611). Hagi kemur jafnframt fyrir í seinni manntölum (*Manntal á Íslandi árið 1816* 1951-1953; *Manntal á Íslandi árið 1845* 1982).

Hagi hafði lengi verið í eigu Skálholtsbiskupsstóls. Breyting varð þó á því í janúar árið 1791 þegar jörðin var seld og var verð hennar þrjú kúgildi (*Jarðatal á Íslandi* 1847:419). Jarðardýrleiki Haga var metinn 25 hundruð í jarðatölum frá árunum

1686,1695 (Björn Lárusson 1967:108) og árið 1861 (*Ný jarðabók fyrir Ísland* 1861:23), en upplýsingar um jarðadýrleika er ekki í að finna í jarðabók Árna og Páls sökum þess að jörðin var þá í eigu Skálholtsbiskupsstóls (*JÁP* 1918-1921:328). Hagi hefur þó að öllum líkindum ávallt verið jörð yfir meðallagi í dýrleika en gjarnan er miðað við að góð meðaljörð hafi verið 20 hundruð að dýrleika til forna en þegar fram liðu stundir taldist 12 hundraða jörð til meðaljarðar (Einar Laxness 1995:212-213).


Jörðin Fossnes er sögð í Sýslu- og sóknalýsingu Stóru-Núpsóknar vera gömul stólsjörð en ekki er vitað með vissu hvenær hún byggist fyrst (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1979: 95). Í manntalinu árið 1703 bjuggu að Fossnesi hjónin Gunnlaugur Jónsson, 40 ára, og Kristín Halldórsdóttir, 33 ára, ásamt börnum og vinnufólki (*Manntal á Íslandi árið 1703* 1924-1947:532). Í Jarðabókinni sem skráð var árið 1709 var skráður ábúandi þar Þorkell Jónsson (*JÁP* 1918-1921:213). Býlið kemur einnig fyrir í manntölum frá árunum 1816 og 1845 (*Manntal á Íslandi árið 1816* 1951-1953; *Manntal á Íslandi árið 1845* 1982). Þegar nýtt jarðatal var tekið saman fyrir allt landið árið 1848 var Fossness metin rúmlega 12 hundraða jörð að fornu hundraðatali, og telst því hafa verið meðaljörð sbr. það sem áður var sagt (*Ný Jarðabók fyrir Ísland* 1861:23).

Minni-Núpur byggðist sem hjáleiga frá Stóra-Núpi en í jarðabókinni frá 1709 kemur fram að byggð hafi verið þar fyrir elstu manna minni (*JÁP* 1918-1921:212). Að Minna-Núpi, þá Minna-Gnúpi, er ábúandi árið 1703 Björn Jónsson, 72 ára, ásamt börnum sínum og vinnustúlku (*Manntal á Íslandi árið 1703* 1924-1947:533). Árið 1729 voru ábúendur þar þau Híeronýmus Ólafsson, 42 ára, og Herdís Þorsteinsdóttir, 37 ára, ásamt börnum sínum og móður hennar (*Manntal á Í Íslandi árið 1703* 1924-1947:612). Í manntalinu árið 1816 voru ábúendur að Minna-Núpi Brynjólfur Jónsson, 59 ára, og Þóra Erlingsdóttir, 41 árs, ásamt börnum sínum (*Manntal á Íslandi árið 1815* 1951-1953:326). Einn sona Brynjólfs, Jón Brynjólfsson tók við býlinu og er skráður ábúandi þar þegar manntal var gert árið 1845, þá 42 ára að aldri (*Manntal á Íslandi árið 1845* 1982: 278-279). Sonur Jóns var Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi, fræðimaður og rithöfundur. Í jarðabók Árna og Páls var jarðardýrleiki Minna-Núps reiknaður með heimajörðinni samtals að 30 hundruðum (*JÁP* 1918-1921:211-212). Árið 1848 var Minni-Núpur metin að dýrleika samkvæmt fornu hundraðatali 10 hundruð og hefur því verið rétt undir meðallagi (*Ný Jarðabók fyrir Ísland* 1861:23).

4 STAÐHÆTTIR

4.1 Holta- og Landsveit

Rannsóknarsvæðið liggur í gömlu Landsveitinni sem var að fornu kölluð Landmannahreppur. Landsveitin liggur að stórum hluta til ofan á Þjórsáhrauninu hinu mikla sem rann fyrir um 8000 árum síðan. Tilheyrandi þessari hraunbreiðu er bunga sem einkennir landslag rannsóknarsvæðisins. Þessi bunga er Skarðsfjall sem stendur í



Mynd 6. Hér sjást staðsetningar nokkurra örnefna sem fjallað er um í skýrslunni. Punktar marka bæjarstæði (Loftmynd: Landsvirkjun. Viðbætur: SEC/Fornleifafræðistofan).

um 336 metra hæð yfir sjávarmáli (*Sunnlenskar Byggðir* 1987:122). Landslagið er yfirhöfuð slétt og þurrleitt en lá á tímabili undir miklum ágangi sands og vikurs (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1968:163-164). Enn má víða sjá uppblásna fláa og liggja nokkrir þeirra meðfram Skarðsfjalli frá SV til NA, nokkurn veginn samsíða Þjórsá. Upp úr þessum fláum teygja sig grasbalar sem nefnast Bæjarnes og Karlsnes

(*Sunnlenskar Byggðir* 1987:128). Bæjarnesið taldi Brynjólfur Jónsson hafa náð frá Þjórsá austan við Hagavað alla leið að landnámsbýlinu Á eða Árbæ (1898:1). Það fær þó varla staðist að Bæjarnesið haldi áfram með þessum hætti þvert á Skarðsfjallið (sjá mynd 6) en líklega hefur Brynjólfur ekki fundið neina aðra ástæðu fyrir nafngiftinni en eyðibýlið Á eða Árbæ. Grasbalinn eða tungan sem Á stendur á er í raun beint framhald af Karlsnesinu og ætti því frekar að heita Karlsnes. Rústir 16:1-3 sem fjallað verður um á eftir gæti þó gert tilkall til að vera bær sá sem Bæjarnesið heitir eftir.

Norðan og norðaustan undir Skarðsfjalli eru tvö eyðibýli. Beint norðan undir Skarðsfjalli, við bakka Þjórsár er eyðibýlið Skarðssel en hitt eyðibýlið, Gamla-Sel, liggur norðaustan undir fjallinu (Bjarni F. Einarsson 2004:74-75). Skarðssel stendur á SV-verðu Karlsnesi en nesið dregur nafn sitt af birkivöxnum klettadranga úti í Þjórsá rétt norðan við nesið og kallaður er Karl eða Stórikarl (*Sunnlenskar Byggðir* 1987:130). Í Karlsnesi fannst kuml sem rannsakað var af Matthíasi Þórðarsyni árið 1932 (Matthías Þórðarson 1932:54-55; Kristján Eldjárn 2000:67). Gamla-Sel stendur á Bæjarnesinu þar sem það liggur að Skarðsfjallinu norðaustanverðu (sjá mynd 6). Vestur af Karlsnesinu er eyjan Hagaey í Þjórsá. Aðrar eyjar í Þjórsá á þessum slóðum eru m.a. Ölmóðsey og Viðey. Ölmóðsey stendur við SV-endan á Bæjarnesinu eins og áður sagði en Viðey liggur SA fyrir landi Minna-Núps í Gnúpverjahreppi en eyjan er einnig kölluð Minnanúpshólmi. Þessar eyjar tilheyra allar Gnúpverjahreppi.

Eins og áður hefur komið fram hefur uppblásturinn löngum leikið Rangæinga grátt. Þegar líða tók á 18. öldina og þá 19. varð að flytja marga bæi í sveitinni vegna ágangs vikurs og sands (*Sunnlenskar Byggðir* 1987:126). Jafnvel stórbýlið Skarð sem Skarðssel var byggt frá náði ekki að standast ágang uppblástursins og var flutt árið 1878 þar sem bæjarhúsin og kirkjan standa nú (*Sunnlenskar Byggðir* 1987:197). Núverandi bæjarstæði Skarðs stendur SA af Skarðfjalli en stóð áður undir miðju Skarðsfjallinu austanverðu eða í brekkurótum þess. Þar sést nánast ekkert til rústa lengur (Brynjólfur Jónsson 1898:3).

Þrátt fyrir ágang sands og vikurs hefur aðal bjargræðisvegurinn í Landsveitinni verið sauðfjárrækt (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1968:171). Í Ferðabók Eggerts og Bjarna frá miðri 18. öld segir að í Rangárvallasýslu sé best hey til vetrarfóðurs, þrátt fyrir foksandinn (Eggert Ólafsson 1981:203). Einnig getur þó hugsast að bæirnir við Þjórsá hafi notið góðs af nálægðinni við ána og fiskgengdina í henni. Í Jarðabók Árna og

Páls er fiskveiði talin til hlunninda í Hvammi svo dæmi sé tekið. Þar segir: „Silungsveiði hefr fyrrum gagnleg verið í Hvammsvötnum við Nautavað á Þjórsá, en hefur hún ekki brúkast um nokkur ár sökum fólkseklum og vegarlengdar, þar til þótti veiðin fara í mínkum“ (*JÁP* 1913-1917:296). Þá er einnig sagt frá silungsveiði í Þjórsá frá Sandhólaferju (*JÁP* 1913-1917:363). Þó verður að segja að reikna megi með því að heldur sé dregið úr hlunnindum árinna því ekki er getið t.d. um fiskveiði í Eystri-Rangá við bæina Leirubakka eða Galtalæk sem hafa vafalítið haft af henni mikil nyt (*JÁP* 1913-1917:285-286).

4.2 Villingaholtshreppur

Þar sem rannsóknirnar við Þjótanda voru framhald af rannsóknum þar sumrin 2007 og 2008 verður ekki fjallað sérstaklega um staðhætti í Villingaholtshrepi í þessari skýrslu. Vísað er til umfjöllunar í fyrri rannsóknarskýrslum Þjótanda (sjá Bjarni F. Einarsson & Sandra Sif Einarsdóttir 2008a og 2009).


4.3 Gnúpverjahreppur

Þar sem Gnúpverjahreppur liggur á mörkum Suðurlandsundirlendisins og hálendisins er landslagið í hreppnum æði misjafnt. Suðurhluti sveitarinnar liggur í mýrlendi og fjöll ganga frá hálendinu í suður og suðvestur niður í sveitina. Þjórsárhraunið liggur undir hluta sveitarinnar og standa hraunhólar víða uppúr annars nokkuð vel valllendisgrónu landi. Uppblástur var mikill í Gnúpverjahreppi í byrjun 20. aldarinnar og enn sjást hans merki í hæðum (*Sunnlenskar Byggðir* 1986:328-9). Í sýslu- og sóknarlýsingu frá árinu 1841 segir um Gnúpverjahrepp: „Landslagið er að mestu þjóttu-mosa-valllendi með mosahólum og lágum í milli, og kalla menn slíkt heiðar“ (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1979:92-93).

Rannsóknasvæði sumarsins í Gnúpverjahreppi markaðist af tveimur fjöllum í sveitinni, Núpsfjalli og Hagafjalli, og lá rannsóknarsvæðið á milli þeirra meðfram Þjórsá. Vestur undir Núpsfjalli eru bæirnir Stóri-Núpur og Minni-Núpur og er Minni-Núpur sunnar, nær Þjórsá. Sá hluti Núpsfjalls sem liggur fyrir ofan Minna-Núp er vanalega kallað Minna-Núpsfjall. Minni-Núpur var upphaflega hjáleiga frá Stóra-Núpi eins og áður greinir en varð síðar lögbýli. Jörðin liggur svo að segja í sveig meðfram Núpnum og teygir sig frá honum sunnanverðum í austur og norðaustur.

Landið er býsna misjafnt þar sem skiptist á „fjallendi, þurrland holt og smá hæðir og mýrarsund“ (*Sunnlenskar Byggðir* 1986: 401). Fyrir Núpslandi liggja eyjarnar Ölmóðsey og Viðey sem einnig er kölluð Minnanúpsbólmi en þessar eyjur voru báðar nytjaðar til beitar þegar haga í landi tók að þverra (*Sýslu og sóknalýsingar* 1979:93-94). Beitilandið fyrir sunnan Stóra- og Minna-Núp næst Þjórsá kallast Núpsheiði en beitilandið austan Núpsins kallast Núpshálsar (Örnefnaskrá. Stóri-Núpur og Minni-Núpur).

Norðaustan við Núpinn er Miðfell og þar fyrir austan tekur við Fossnesland. Bæjarstæði Fossness stendur vestan við Þverá sem rennur úr Fossnessgljúfri út í Þjórsá. Fossnes liggur að meirihluta til í fjallendi en það er þó allvíða gróið kjarnagrösum sem áður þóttu vel fallin til vetrarbeitar (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1979:95). Jörðin liggur að afrétti Flóa- og Skeiðamanna en ár renna víða um landið og mynda sums staðar gil og á stöku stað gljúfur. Suðurhluti jarðarinnar liggur dálítið lægra í mýrlendu landslagi sem þó er vel fallið til ræktunnar (*Sunnlenskar Byggðir* 1986:352).



Mynd 7. Stóri-Núpur árið 1896. Teikning eftir Daniel Bruun (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1976:87).

Austan Þverár tekur við land Haga. Landslagið við Haga einkennist af Hagafjalli sem er bakland bæjarins og liggja tún Haga niður að Þjórsá. Sökum þess skjóls sem fjallið veitir eru landkostir góðir í Haga, landið er allvel gróið og er þar skjól fyrir flestum áttum (*Sunnlenskar Byggðir* 1986:350). Þó lék uppblásturinn jörðina grátt á

19. öld og í sóknarlýsingu frá árinu 1841 segir að hún hafi í eina tíð verið meðal fegurstu jarða sveitarinnar en sökum skriðufalls og uppblásturs megi jörðin muna fifil sinn fegri (*Sýslu- og Söknalýsingar* 1979:96). Af suðausturhlíð Hagafjalls ganga tveir höfðar niður að Þjórsá og heita þeir Bringa og Gaukshöfði. Framan til við Gaukshöfða fannst árið 1819 spjótsoddur og árið 1856 mannabein (Brynjúlfur Jónsson 1885:38). Hefur þessi fundur verið túlkaður sem kuml (Kristján Eldjárn 1956:65). Hagi hefur venjulega verið talinn tilheyra Þjórsárdal og markar Hagafjall vesturmörk dalsins (Haraldur Matthíasson 1982:482). Suður fyrir landi jarðarinnar sem nú tilheyrir nýbýlinu Melhaga liggur úti í Þjórsá eyjan Hagaey. Sú eyja er nú friðuð en var áður nýtt til beitar eins og áður var greint (*Sunnlenskar Byggðir* 1986:351).

Því er eins farið með Gnúpverjahrepp og Landsveitina að aðal bjargræðisvegurinn hefur löngum verið landbúnaður og þá sérstaklega sauðfjárrækt. Líkt og í Rangárvallasýslu er þó getið um silungsveiði í Þjórsá, sjá umfjöllun um Holta- og Landsveit. Í Jarðabók Árna og Páls segir að hægt hafi verið fyrrum að veiða bæði sel og silung í Þjórsá við Fljótshóla og við Urriðafoss (*JÁP* 1918-1921:4, 177). Sumir hafa túlkað viðurnefni Þorbjarnar laxakarls svo að fiskgengd hafi náð alveg upp að landnámi hans við Haga. Hvort svo hafi verið er erfitt að segja til um en nafnið „laxakarl“ gæti hugsanlega bent til laxveiða. Enn í dag er þökkaleg silungsveiði í Kálfá sem rennur í Þjórsá skammt frá Árnesi. Veiðar hafa þó í seinni tíð aðeins verið viðbót við sauðfjárræktina meðfram Þjórsá því í ferðabók Eggerts og Bjarna kemur fram að hvergi á landinu sé eins mikið af fé og í Árnes- og Rangárvallasýslum og ekki sé óalgengt að hver bóndi eigi um 100-200 fjár (Eggert Ólafsson 1981:226).

5 GREININGAR

Alls voru tekin 19 sýni á sex stöðum meðan á rannsóknum stóð sumarið 2009. Flest sýnanna voru gjóskusýni eða 12 en einnig voru tekin þrjú viðarsýni, tvö viðarkolasýni og tvö gólfsýni. Yfirlit yfir sýnin sem tekin voru má sjá í töflu 2. Hér verður sagt frá niðurstöðum þessara greininga en um þýðingu þeirra og frekari túlkun er vísað í næstu kafla (6-9).⁴

Rúst	Viðarkol	Viðarsýni	Gjóska	Gólfsýni
10:1			X (3)	
45:1			X (2)	
47:1			X (1)	
48:1			X (5)	
4:14	X (2) ³			
51:1		X (3)	X (1)	X (2)

Tafla 2. Yfirlit yfir sýni sem tekin voru sumarið 2009. Fjöldi sýna á hverjum stað er getið innan sviga.

5.1 Gjóskugreiningar

Alls voru tekin 12 gjóskusýni á fimm stöðum. Af þessum 12 sýnum voru sjö sýni valin og send í greiningu til dr. Þorvalds Þórðarsonar, eldfjallafræðings við Háskólann í Edinborg. Í töflu 3 má sjá niðurstöður þeirra greininga.

Nr.	Rúst	Lýsing	Niðurstaða
1 (Rangárv.s.)	10:1	Sýni tekið úr gjóskulagi neðan við yngri vegg.	Sýni ekki sent í gjóskugreiningu.
2 (Rangárv.s.)	10:1	Sýni tekið úr gjóskulagi í yngri vegg.	Sýni ekki sent í gjóskugreiningu.
3 (Rangárv. s.)	10:1	Sýni tekið úr gjóskulagi undir eldri vegg.	Sýni ekki sent í gjóskugreiningu.
1 (Árness.)	45:1	Sýni tekið úr lagi undir meintu yfirborðslagi (gólfi).	K1721.
2 (Árness.)	45:1	Sýni tekið úr gjóskuslettu í vegg.	K1721.

⁴ Sýnaskrárnar voru þrjár talsins, ein fyrir hvora sýslu og ein sérstök sýnaskrá fyrir rúst 51:1 í Hagaey. Í þessari umfjöllun verður ávallt vísað til heitis viðkomandi skrár og til númers innan hennar.

³ Sýni úr húsi 4:14 við Þjótanda voru einnig færð inn í sýnaskrá staðarins (Þar eru þau nr. 69 og 70).

3 (Árness.)	47:1	Sýni tekið úr hleðslu í gerði.	K1721, blönduð að hluta til ísúrri (andesít) Heklugjósku. Þó ekki H1693.
4 (Árness.)	48:1	Sýnið er tekið úr m-lagi. Merkt A á teikningu.	Sýni ekki sent í gjóskugreiningu.
5 (Árness.)	48:1	Sýni tekið út þunnu svörtu gjóskulagi sem skorið er af veggnum. Merkt B á teikningu.	K1721, en er nokkuð blandað eldri gjósku. Mögulega vegna uppblásturs og samsöfnunar.
6 (Árness.)	48:1	Sýni tekið úr svörtu, slitróttu gjóskulagi sem skorið er af veggnum. Merkt C á teikningu.	K1721.
7 (Árness.)	48:1	Sýni tekið út dökkgráu gjóskulagi sem blandað er smásteinum og sandi. Hugsanlega vatnsborið. Merkt D á teikningu.	Níu af 15 kornum eru úr ísúru (andesít) Heklugosi. Hin sex sem greind voru eru með basalt samsetningu, tvö líklega úr Heklugosi en fjögur eru líklega úr Veiðivatnakerfinu og mögulega farandkorn.
8 (Árness.)	48:1	Sýnið er merkt E á teikningu og tekið úr lagi 21.	Sýni ekki sent í gjóskugreiningu.
5 (Hagaey)	51:1	Sýni tekið úr svörtu, þunnu gjóskulagi sem lá í dyrum rústarinnar. Sennilega áfokslag.	K1721, en er blandað eldri lögum. Mögulega vegna umgangs húsdýra.

Tafla 3. Niðurstöður gjóskugreininga. Í reitnum niðurstaða er vísað til skýrslu dr. Þorvalds Þórðarsonar (Þorvaldur Þórðarson 2010) sem birt er sem viðauki (kafla 15.3).

Eins og fram kemur í töflu 3 voru þrjú gjóskusýni tekin úr rúst 10:1 í landi Skarðs. Talið var að gjóskusýnin gætu skýrt aldur eldri rústarinnar sem í fyrstu var talið að væri undir þeirri yngri. Þegar í ljós kom að ekki var um eldri rúst að ræða varð því ekki nauðsynlegt að greina gjóskuna.

Tvö gjóskusýni greind úr rúst 45:1 í landi Minna-Núps. Annað sýnanna var tekið úr lagi sem lá undir meintu gólflagi en hitt var tekið utan við S-vegginn. Niðurstaða greininganna bendir til þess að um sama gjóskulagið sé að ræða, Kötlugos frá 1721. Veggur rústarinnar sker gjóskulagið og er rústin því yngri en það.

Eitt sýni var greint úr rúst 47:1 í landi Minna-Núps. Sýnið var tekið úr torfhleðslu í gerði. Niðurstaða greiningarinnar var sú að lagið er Kötulag frá árinu 1721 þó blandað einhverju Heklugosi, þó ekki stóra gosinu frá 1693. Þar sem gjóskulagið hefur fallið áður en torfið í gerðið var stungið er gerðið yngri en gjóskulagið, mögulega frá 18. eða 19. öld.

Þrjú sýni voru tekin úr rúst 48:1 í landi Fossness. Það fyrsta (Árness. nr. 5) var tekið fyrir utan grjóthleðslur í torfveggnum. Niðurstaða gjóskugreiningarinnar var sú

að uppistaðan í sýninu væri gjóska úr Kötlugosi frá árinu 1721 en blönduð eldri gjóskulögum. Annað sýnið (Árness. nr. 6) var tekið úr nær samfelldu lagi innan úr rústinni. Niðurstaða gjóskugreiningarinnar var sú að lagið væri úr sama lagi. Þriðja og seinasta sýnið (Árness. nr. 7) var tekið úr lagi sem lá undir fyrrnefndu Kötlulagi en niðurstaðan á gjóskugreiningunni var nokkuð óræð en níu af þeim 15 kornum sem greind voru höfðu uppbyggingu sem benti til uppruna frá ísúru Heklugosi, tvö korn bentu til basisks Heklugoss og fjögur korn bentu til Veiðivatnakerfis. Óræði þriðja sýnisins hefur ekki teljandi áhrif á aldur rústarinnar. Veggur rústarinnar sker Kötlulagið frá árinu 1721 og er því yngra en það.

Eitt gjóskusýni var greint úr fjárborginni í Hagaey. Sýnið var tekið úr gjóskuslettu sem legið hafði innan í dyrunum. Niðurstaða þeirrar greiningar leiddi í ljós að uppistaðan úr því sé úr Kötlulagi frá árinu 1721 en það hefur blandast eldri lögum vegna átroðnings. Þar sem gjóskan er úr foklagi innan úr dyrunum er erfitt að segja nákvæmlega til um hvort fjárborgin sé mikið eldri en gjóskan. Blöndun gjóskulagsins við önnur lög þýðir þó væntanlega að rústin hefur verið í notkun eftir að gjóskulagið féll. Fjárborgin er því sennilega frá byrjun 18. aldar, mögulega eitthvað eldri.

5.2 Viðar- og viðarkolagreiningar

Alls voru tekin fimm viðar- og viðarkolasýni á tveimur stöðum. Í húsi 4:14 í landi Þjótanda voru tekin tvö viðarkolasýni en þrjú viðarsýni voru tekin í rúst 51:1 í Hagaey. Á Þjótanda var annað viðarkolasýnið (Árness. nr. 9) tekið úr lagi sem lá yfir vesturvegg hússins en hitt sýnið (Árness. nr. 10) var tekið á milli tveggja steina inni í rústinni.

Bæði sýnin frá Þjótanda voru send í tegundagreiningu á Rannsóknarstöð Skógræktar á Mógilsá og greininguna annaðist dr. Ólafur Eggertsson jarðfræðingur. Ekki reyndist unnt að greina sýni nr. 9 til tegundar og því þótti óheppilegt að senda það áfram til C-14 aldursgreiningar því sýnið myndi líklega gefa of háan aldur. Sýni 10 var greint sem Birki með eigin aldur uppá 15 ár og var það talið mjög heppilegt fyrir C-14 aldursgreiningu og var það sent áfram til Bandaríkjanna til aldursgreiningar.

Viðarsýnin þrjú frá Hagaey voru einnig send í tegundargreiningu á Rannsóknarstöð Skógræktar á Mógilsá. Það fyrsta (Hagaey nr. 1) fannst austan megin

í rústinni, rétt fyrir ofan gólfíð. Annað viðarsýnið (Hagaey nr. 2) fannst einnig austanmegin í rústinni. Það var tekið úr fjöl sem lá ofan á gólfinu en í fjölinni fundust einnig nokkrir járnaglar. Þriðja viðarsýnið (Hagaey nr. 6) fannst ofan á gólfinu, nálægt miðju, vestanmegin. Sýni nr. 1 var greint sem birki með eiginaldur upp á 9 ár og var það talið sæmilegt fyrir C-14 greiningu. Þó taldi Ólafur Eggertsson að sýnið gæti gefið of háan aldur því borkinn vantaði (Ólafur Eggertsson 2009:1). Sýnið var sent utan í C-14 greiningu með þeim formerkjum að samkvæmt Ólafi gæti sýnið gefið og háan aldur en sökum þess að það lá yfir gólfinu er það úr jarðlögum sem eru yngri en gólf fjárborgarinnar.


Nr.	Viðartegund	Eigin aldur	Athugasemdir
9 (Árness.). Hús 4:14	Ekki hægt að greina til viðartegundar	Ekki vitað	Ekki tilvalið til C-14 greiningar. Gæti gefið of háan aldur.
10 (Árness.). Hús 4:14	Birki	15 ár	Mjög gott sýni fyrir C-14.
1 (Hagaey). Rúst 51:1	Birki	9 ár	Sæmilegt fyrir C-14, getur þó gefið aðeins of háan aldur, að háharki 50 ár (ágiskun Ólafs Eggertssonar).
2 (Hagaey). Rúst 51:1	Skógarfura	Líklega úr fjöl	Nei, viðarreki eða influtt timbur.
6 (Hagaey). Rúst 51:1	Skógarfura	Meira en 20 ár	Nei, viðarreki eða influtt timbur.

Tafla 4. Niðurstöður tegundagreininga á viðarsýnum úr rústum 4:14 í landi Þjótanda og rúst 51:1 í Hagaey (Ólafur Eggertsson 2009:1).


5.3 C-14 greiningar

Eins og fram kom að ofan voru tvö sýni send utan í C-14 greiningu. Greininguna annaðist Beta Analytic Inc. í Florida í Bandaríkjunum. Sýnið frá Þjótanda (Árness. nr. 10) reyndist vera frá árabílinu 950-1030 e. Kr. samkvæmt óleiðréttri niðurstöðu. Samkvæmt leiðréttri niðurstöðu sem leiðrétt er samkvæmt hefðbundinni leiðréttingarkúrfu þar sem miðað er við 2ja sigma staðalfrávik má segja með 95% vissu að sýnið sé frá árabílinu 1010-1170 e. Kr. (sjá mynd 8). Því má telja líklegt að hús 4:14 sé frá 11. eða 12. öld en nánari umfjöllun má finna í kaflanum um framhaldsrannsóknir á Þjótanda (kafla 9).

Niðurstaða C-14 aldursgreiningar á sýni nr. 1 úr Hagaey sýndi að sýnið væri frá árabílinu 1800-1880 e. Kr. samkvæmt óleiðréttri niðurstöðu (sjá mynd 9). Leiðrétt



Mynd 8. Niðurstöður C-14 greiningar á sýni nr. 10 úr húsi 4:14.



Mynd 9. Niðurstöður C-14 greiningar á sýni nr. 6 í rúst 51:1 í Hagaey.

niðurstaða samkvæmt hefðbundinni leiðréttingarkúrfu með 2ja sigma staðalfrávik
leiddi þó í ljós að sýnið lendir á afar óheppilegum stað á leiðréttingarkúrfunni eða á
þremur mismunandi árabílum. Því skiptist aldur sýnisins í þrjú tímabil: 1670-1780,
1800-1950 og 1950-1960. Ef miðað er við 1 sigma staðalfrávik breytast
niðurstöðurnar lítið og aldurinn skiptist: 1680-1740, 1810-1930 og 1950-1960.

Svokölluð hafræn áhrif geta haft áhrif á niðurstöður C-14 greininga á þann veg að
sýni mælast eldri ef slíkra áhrifa gætir. Af þessum sökum var látið greina hlutfall
C-12/13 ísótópa í báðum sýnunum. Sú greining leiddi í ljós að hafrænna áhrifa gætir
ekki.

5.4 Gólf sýnagreiningar

Tekin voru tvö gólf sýni úr efra gólfi rústar 51:1 í Hagaey (nr. 3-4) og var annað þeirra
sent í skordýragreiningu til Hrannar Konráðsdóttur fornvistfræðings. Þó sýnið hafi
verið lítið, um 1.1 L, fundust í því þónokkuð af lífrænum leifum. Í sýninu fundust
leifar þriggja dýra, öll af mismunandi tegundum. Tvær ranabjöllur fundust,
hélukeppur (*O. nodosus*) og silakeppur (*O. articus*), sem báðar lifa yfirleitt í nokkuð
gróðursælu, röku umhverfi. Auk þeirra fannst púpa af færilús (*M. ovinus*) sem er ein
af þeim lúsum sem herjar á sauðfé. Lúsin festir púpur sínar á ull fænaðarins og því
telur Hrönn að reikna megi með því að kindur hafi verið á staðnum (Hrönn
Konráðsdóttir 2010:2). Jafnframt telur Hrönn að þó svo ekki sé hægt að gera
tölfræðilega úttekt á niðurstöðunum, sökum smæðar sýnisins, geti þær vel passað við
þá túlkun að gólfið hafi verið gólf úr óupphitaðri fjárborg (Hrönn Konráðsdóttir
2010:2).

6 UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR FORNLEIFAR

Hér verður fjallað um rannsóknirnar sumarið 2009 og mótvægisáðgerðir vegna virkjanaframkvæmda við Þjórsá. Farin er sú leið að skipta umfjölluninni þannig niður að fyrst verður fjallað um þær fornleifar sem rannsakaðar voru í Holta- og Landsveit og því næst um þær sem rannsakaðar voru í Gnúpverjahreppi. Í umfjölluninni verður sagt stuttlega frá staðsetningu fornleifanna, hvaða mótvægisáðgerða gripið var til og greint verður frá helstu niðurstöðum en ljósmyndir er að finna í Rannsóknaskrá⁵ auk þess sem allar teikningar birtast í sérstökum kafla (nr. 10).

Þessi umfjöllun mun þó ekki taka til rústa á Bæjarstæði Skarðssels (rústir 2:1-9), fullnaðarrannsóknar á fjárborg í Hagaey (rúst 51:1) eða áframhaldandi rannsóknum á Þjótanda í Villingaholtshreppi (hús 4:14) þar sem fjallað verður ítarlega um þessar rannsóknir í sér köflum (nr. 7-9).

6.1 Fornleifar í Holta- og Landsveit.

Í landi Skarðs í Holta- og Landsveit voru kannaðar alls 20 fornleifar. Meðal þeirra fornleifa sem kannaðar voru var meint eyðibýli (rústir 16:1-3) og Karlsneskumlið (15:1).

6.1.1 Rúst 8:1. Fjárhús í landi Skarðs


Rústin mældist á yfirborði sjö metrar á lengd og fimm metrar á breidd og sneri í NNV-SSA. Rústin var mæld upp og teiknuð í mælikvarðanum 1:100 en til að ganga úr skugga um að ekki leyndust eldri minjar undir henni var prufuskurður grafinn í gegnum einn af útveggjum hennar (Sjá Rannsóknarskrá Rangárvallasýslu og myndir 80-81) Prufuskurðurinn var einn metri á breidd og þrír metrar á lengd og leiddi í ljós að veggir rústarinnar hafa verið byggðir úr torfi, með innri og ytri steinaröð úr grjóti. Innri röðin hefur verið hlaðin alla leið upp í sperrur en sú ytri hefur varla verið hærri en tvær steinaraðir. Innri hluti veggjarins hefur því verið töluvert hærri en sá ytri. Ekki sáust nein mannvistarlög og engir gripir fundust í prufuskurðinum. Nokkrar þakhellur fundust þó innan í rústinni og meðfram veggjunum innanverðum voru greinilegar

⁵ Rannsóknarskrá er gagnagrunnur Fornleifafræðistofunnar um forrannsóknir. Forrannsóknir eru grundvöllur frekari ákvarðanatöku sem stundum leiða af sér umfangsmeiri rannsóknir en stundum ekki.

leifar jafna. Profuskurðurinn leiddi einnig í ljós að rústin er ekki byggð ofan á eldri minjum. Profuskurðurinn var teiknaður í mælikvarðanum 1:20 mót SA en bæði rústin og profuskurðurinn voru ljósmynduð með stafrænum hætti. Þessi rúst er sennilega ung fjárhúsa- eða sauðahúsarúst og hefur tilheyrt Skarðsseli hinu yngsta. Skilyrðum Fornleifaverndar ríkisins telst því fullnægt og engra frekari aðgerða er þörf.

6.1.2 Rúst 10:1. Beitarhús í landi Skarðs

Rúst 10:1 er rúst beitarhúss í landi Skarðs. Rústin mældist á yfirborði 15,5 m á lengd og sex og hálfur til sjö metrar á breidd að utanmáli. Hún skiptist í tvö rými, A og B, og minna rýmið, B, var hlaða (sjá Rannsóknaskrá Rangárvallasýslu og myndir 82-83).



Mynd 10. Profuskurðir í rúst 10:1 horft mót NNV (Frumt. ÁG, SSE. Hreint. SEC).

Mótvægisáðgerðirnar fólust í því að rústin var mæld upp og teiknuð í mælikvarðanum 1:100 en einnig voru grafnir profuskurðir í rústina til að kanna hvort eldri minjar gætu leynst þar undir. Gjókusýnum var safnað til að skera úr um aldur þeirra. Alls voru þrír profuskurðir grafnir í rústina. Tveir þeirra voru grafnir í gegnum útveggina í rými A og mældust þeir hvor um sig fjórir metrar á lengd og einn metri á breidd. Profuskurðirnir náðu saman inni í miðri rústinni eins og mynd 11 sýnir. Ákveðið var að teikna upp þversnið profuskurðar 1 mót NNV í mælikvarðanum 1:20. Þá var rústin og profuskurðirnir allir ljósmyndaðir á stafrænan hátt. Þriðji profuskurðurinn var grafinn fyrir utan dyrnar á rými A og var hann tveir metrar á lengd og hálfur metri á

breidd. Prufuskurðirnir leiddu í ljós að nokkur gólfhlög eru í rústinni og hefur hún því verið endurgerð á einhverjum tímapunkti. Utan við A-vegginn í prufuskurði 1 sást, að því er virtist, eldra veggjarbrot undir mannvistarlögum en frekari skoðun leiddi ekkert í ljós sem skýrði það nánar. Veggjarbrotið hefur þó líklega tilheyrt mannvirki sem var tengt skepnuhaldi líkt og yngri rústin eða verið hrun úr eldri kynslóð rústarinnar. Þar sem ekki var staðfest að eldri minjar væru undir þessari rúst voru gjóskusýnin ekki send til greiningar. Rúst 10:1 hefur sennilega verið beitarhús með jötum upp við báða langveggina. Ofarlega í prufuholu 3, í hreyfðu lagi, fannst nagli sem líklega hefur tilheyrt seinni skeiðum rústarinnar, þ.e. 20. öldinni. Við rannsóknina kom einnig í ljós



Mynd 11. Prufuskurðir 1 og 2 í rúst 10:1 (Ljós. BFE. Horft mót V. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 34).

að hugsanlega hafa verið dyr á rými B og eru þær teiknaðar inn á yfirborðsteikninguna. Skilyrðum Fornleifaverndar ríkisins telst því fullnægt og frekari aðgerða ekki þörf.

6.1.3 Rúst 13:1. Gerði í landi Skarðs

Í örlitlu dalverpi á milli Karlsnessins og Bæjarnessins er hlaðið grjótgerði. Á yfirborði mældist gerðið níu og hálfur metri á lengd og átta metrar á breidd þar sem það var breiðast en mjókkaði í N-endann þar sem það mældist fimm metrar á breidd. Mótvægisáðgerðir fólust í því að gerðið var mælt upp og teiknað í mælikvarðanum 1:100 og ljósmyndað með stafrænum hætti (Sjá Rannsóknaskrá Rangárvallasýslu og mynd 84). Rústin er trúlega ung og ekkert fannst við rannsókn sem benti til þess að hún stæði á eldri minjum. Frekari aðgerða er ekki þörf.

6.1.4 Rúst 15:1. Karlsneskumlið

Árið 1932 fundust á Karlsnesi, skammt frá Hagavaði, nokkur handarbein og höfuðkúpa úr manneskju. Matthías Þórðarson þjóðminjavörður kom á staðinn það sama sumar og kannaði vegsummerki en lýsir fundaraðstæðum svo (Matthías Þórðarson 1932:55):

Þar sem beinin fundust var lægð í hrauninu, og voru þau enn hulin sand- og öskublandinni leirmold öll, nema þau, er komið höfðu í ljós. Hefir höfði mannsins verið lyft lítið eitt upp, en hann lagður á bakið. Beinagrindin kom mjög greinilega í ljós, er búið var að hreinsa ofan af henni. Hafði verið gerð hér um 2 m. löng gröf og um $\frac{3}{4}$ m. að breidd, og var stefna hennar frá norðvestri til suðausturs. Hafði líkið verið lagt á dökkleitt vikurlag. Undir því var ljóst vikurlag og moldarlag aftur fyrir neðan að, og enn dýpra mátti sjá slík lög á víxl. Höfuð mannsins var í suðausturenda, og hefir hann því horft móti norðvestri. Hægri fótur hafði verið lagður yfir hinn vinstri fyrir neðan hné. Vinstri hönd og framhandleggur höfðu verið lögð þversum undir bakið, en hægri framhandleggur upp með upphandleggnum hægri, og höndin við hálsinn, og sennilega um spjótkaft, sem nú sást ekkert eftir af; en oddurinn var við fætuna, hægra megin.

Auk spjótsins fannst lítill hnífur, tvö blýmet, lítill glær ferstrendur steinn og þrjár sörvistölur (Kristján Eldjárn 2000:67). Matthías taldi jafnframt að þar sem enginn þekktur bær væri í nágrenninu hefði maðurinn e.t.v. verið dysjaður þar sem hann var veginn (Matthías Þórðarson 1932:55). Áður fyrr var algengt að skýra kuml sem ekki


var hægt að tengja beint við þekkta bæi á líkan hátt, þ.e. að manneskjan hafi verið dysjuð þar sem hún dó. Annað dæmi um slíkt var Hólmskumlið í Laxárdal í A-Skaftafellssýslu en bíða þurfti í tæp hundrað ár áður en bærinn sem kumlið tilheyrir fannst (Bruun 1903:24-25; Bjarni F. Einarsson 1998).

Við fornleifaskráninguna árið 2001 var reynt að finna aftur kumlstæðið sem rannsakað var árið 1932 en þá mundi enginn núlifandi maður af svæðinu hvar það var staðsett nákvæmlega. Þegar líklegt svæði var kannað í þeirri skráningu fannst bein og 13 metra SSA af því fannst sörvistala sem talið var að gæti bent til fleiri kumla á svæðinu eða jafnvel á kumlateig (Bjarni F. Einarsson 2001:12). Mótvægisaðgerðirnar í sumar fólust í því að kanna svæðið þar sem líklegt er að kumlið hafi fundist gaumgæfilega til að freista þess að finna önnur kuml sem kunna að vera þar.



Mynd 12. Prufuhola A (2x2 m) á Karlsnesi. Holan ekki fullgráfin. (Ljós. SSE. Horft mót S. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 12).

Alls voru grafnar tíu prufuholur á Karlsnesinu. Fyrstu sex þeirra, A-B og A 1-4, voru grafnar á því svæði sem talið var að gæti geymt leifar af kumli eða kumlum. Prufuholur A og B voru 2x2 m að stærð en prufuholur A 1-4 voru 1x1 m og ætíð voru um fjórir metrar á milli prufuholanna en dýpt þeirra var mismunandi, á bilinu 31-71 sm. Þrátt fyrir talsverða leit fundust ekki neinar vísbendingar um kuml á þessu svæði. Prufuhola B var GPS mæld í Isn-93 staðli. Skekkjumörkin voru 4 m. Aðrar prufuholur, 1-4, voru grafnar í lága hóla sunnan undir Karlsnesinu um 10-20 m frá



Mynd 13. Yfirlit yfir prufuholurnar sem grafnar voru á Karlsnesi. Staðsetning leitarsvæðanna á loftmyndinni er áætluð en innbyrðis afstaða prufuhola á hvoru svæði fyrir sig er rétt (Loftmynd: Verkfræðistofa Suðurlands. Viðbætur: ÁG og SEC/Fornleifafræðistofan).

árbakkanum. Þær prufuholur voru einnig 1x1 m að stærð en dýpt þeirra var um 92-115 sm. Þessar prufuholur leiddu þó ekkert í ljós sem gæti bent til þess að þarna leyndist kuml, eitt eða fleiri. Því má segja sem svo að ef kuml hafa staðið á þessum stað hefur Þjórsá fyrir löngu þurrkað burt öll ummerki þeirra. Allar prufuholurnar voru ljósmyndaðar á stafrænan hátt og flatarteikning var gerð af prufuholu A í mælikvarðanum 1:20. Þá var einnig gerð yfirlitsmynd af prufuholunum í mælikvarðanum 1:100 (sjá Rannsóknaskrá Rangárvallasýslu og myndir 85-87). Þó svo ekki hafi tekist að finna fleiri kuml á þessu svæði er ekki loku fyrir það skotið að leifar þeirri geti komið upp við framkvæmdirnar. Því þarf líklega að útbúa vöktunaráætlun vegna hættu af völdum rofs samfara hækkaðs vatnsborðs á staðnum, eða rasks af völdum framkvæmda.

6.1.5 Rústir 16:1-3. Eyðibýli í landi Skarðs


Við fornleifaskráningu árið 2001 fundust rústir meints fornbylis en það var staðsett á Bæjarnesinu norðaustanverðu um 30 til 40 metrum suður af bökkum Þjórsár. Býlið var talið fornt, mögulega frá því fyrir árið 1000 e. Kr. og hugsanlega tengt Karlsneskumlinu á þann hátt að hið meinta fornbyli hafi fyrrum verið bústaður kumlbúans (Bjarni F. Einarsson 2001:12). Áður höfðu fundist þrjár rústir en rannsóknir sumarsins 2009 fólust í því að kanna rofabörð austan og norðan við þær í leit að ummerkjum um fleiri.

Rofabakkinn austan við hið meinta fornbyli var skoðaður í leit að mannvirkjum og mannvistarlögum. Hreinsaðir voru alls átta eins metra breiðir lóðréttir fletir í rofabakkanum. Fyrstu sex fletirnir voru hreinsaðir austur af rústunum. Þeir voru um 1.1 m á hæð en mismikill munur var á milli þeirra. Á milli flata 1-4 voru 30 m, á milli flata 4-5 voru 20 m og á milli flata 5-6 voru 46 m. Fletir 7-8 voru hreinsaðir í rofabörðum eða lögðum norður af fornbylinu. Ekki fundust nein ummerki um mannvistarlög eða mannvirki á þeim stöðum sem skoðaðir voru. Líklegt er að eyðibýlið liggi yfir nokkuð stórt svæði en engin tók eru á því að skilgreina það nákvæmlega án frekari rannsókna. Öll sniðin voru ljósmynduð á stafrænan hátt en ekki þótti ástæða til að teikna sniðin sökum þess að engar mannvistarleifar fundust.


Þó svo að ekki hafi fundust fleiri rústir hins meinta eyðibýlis nema þær fornleifar sem skráðar voru árið 2001 (rústir 16:1-3) er ekki loku fyrir það skotið að einhverjar



Mynd 14. Snið 1 SSA af rústum nr. 16:1-3. Eins og sést á myndinni varð ekki vart við neinar mannvistarleifar (Ljósm. BFE. Horft mót NNV. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 24).



Mynd 15. Snið 5 SSA af rústum nr. 16:1-3. Eins og sést á myndinni varð ekki vart við neinar mannvistarleifar (Ljósm. BFE. Horft mót NNV. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 27).



Mynd 16. Myndin sýnir fyrirhugaðan varnargarð, hæð Þjórsár eftir virkjun (hvít lína) og staðsetningu rústa 16:1-3 (Loftmynd: Landsvirkjun.Viðbætur: SEC/Fornleifafræðistofan).


fleiri mannvistarleifar kunni að finnast í næsta nágrenni þeirra. Því þarf líklega að útbúa vöktunaráætlun vegna hættu af völdum rofs samfara hækkaðs vatnsborðs við þessar fornleifar. Sérstök ferð var farin á staðinn með starfsmanni Landsvirkjunar til að setja niður járnör sem merkti hversu nálægt fyrirhugaður varnargarður mætti koma (sjá mynd 16).

6.1.6 Rúst 17:1. Nátthagi í landi Skarðs

Rústin er hlaðin úr hraungrýti, staðsett skammt frá rúst 13:1, í vel blásnu dalverpi á milli Karlsness og Bæjarness, nær Bæjarnesinu. Á yfirborði mældist gerðið sjö metrar á lengd og fimm metrar á breidd og sneri í N-S. Mótvægis aðgerðirnar fólust í því að rústin var mæld upp og teiknuð í mælikvarðanum 1:100 (sjá Rannsóknaskrá Rangárvallasýslu og mynd 88). Engin mannvistarlög sáust við rannsóknina. Rústin er líklega ung og ekkert bendir til þess að hún standi á eldri minjum. Rústin var ljósmynduð á stafrænan hátt. Engra frekari aðgerða er þörf.

6.1.7 Rúst 19:1. Gerði í landi Skarðs

Eins og áður kom fram var þessi rúst rannsökuð fyrir misskilning sem stafaði af ónákvæmri GPS staðsetningu á rúst 17:1 en þessi er um 50 m SV við hana. Lýsing á rústinni og uppdráttur er látinn fylgja með hér þó svo að í fyrstu hafi ekki átt að kanna hana frekar. Rústin er grjóthlaðið gerði og á yfirborði mældist hún sex metrar á lengd og þrír og hálfur metri á breidd en hefur hugsanlega verið breiðari. Að innanmáli



Mynd 17. Yfirborðsteikning af rúst 19:1 (Frumt. BB, SSE. Hreint. SEC). Grænn litur á myndum sýnir ætíð torfvegg/veggi, ljósgrár litur ætíð grjót og ljósgrænn litur upphækkanir nema að annað sé tekið fram.

mældist rústin þrír metrar á lengd og tveir metrar á breidd. Rústin snýr í NNV-SSA og eru dyr á rústinni til VSV. Rústin var teiknuð upp í mælikvarðanum 1:100 og ljósmynduð á stafrænan hátt. Mótvægisaðgerðirnar fólust í því að rústin var mæld og teiknuð upp í mælikvarðanum 1:100. Rústin var auk þess ljósmynduð á stafrænan hátt (sjá Rannsóknaskrá Rangárvallasýslu og myndir 17 og 89).

6.1.8 Fornleið 2:10 í landi Skarðs

Fornleiðin liggur frá bæjarhúsum Skarðssels í SA-átt en hætt var að mæla leiðina þar sem við tók línuvegur við Búrfellslínu 3A. Fornleiðin liggur framhjá Gamla-Seli sem seinna verður fjallað um. Að kröfu Fornleifaverndar ríkisins var leiðin nákvæmlega mæld inn með GPS-tæki og leiðin teiknuð inn á loftmynd. Eins og annarsstaðar var notast við Isn 93 staðal við mælinguna. Fenginn var mælingamaður frá Verkfræðistofu Suðurlands sem mældi leiðina en fornleiðin var einnig ljósmynduð á völdum köflum með stafrænum hætti (sjá myndir 4 og 18-26).



Mynd 18. Upphaf fornleiðarinnar við Skarðssel. Leiðin sést þar sem hún liggur frá rústum bæjarhúsanna sem eru ógreinilegar í fjarska og framhjá rúst 2:4 fyrir miðri mynd (Ljós. BFE. Horft mót NV. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 36).



Mynd 19. Fornleið 2:10. Helka í baksýn (Ljós. BFE. Horft mót SA. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 37).



Mynd 20. Fornleið 2:10. Hér má sjá nokkrar reiðgötur (Ljós. BFE. Horft mót SA. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 38).



Mynd 21. Fornleið 2:10 (Ljós. BFE. Horft mót SA. Stafrænar myndir Rangárvallasýslu nr. 39).



Mynd 22. Fornleið 2:10. Í baksýn má sjá Búrfell og Heklu. Ungar fjárgötur koma inn á myndina hægra megin (Ljós. BFE. Horft mót ASA. Stafrænar myndir Rangárvallasýslu nr. 40).



Mynd 23. Fornleið 2:10. Hér sameinast fornleiðin yngri fjárgötum (Ljós. BFE. Horft mót SSA. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 41).



Mynd 24. Fornleið 2:10 þar sem hún endar við línuveginn. Ljósmyndin er tekin í átt að þeim punkti sem merktur er með A á næstu mynd (Ljós. BFE. Horft mót NNA. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 42).



Mynd 25. Loftmynd af fornleið 2:10 við Skarðssel í Holta- og Landsveit. Punktur B markar upphaf leiðarinnar við bæjarhús Skarðssels en punktur A þar sem mælingu var hætt við línuveg Búrfellslínu 3A (Loftmynd:Verkfræðistofa Suðurlands).

6.1.9 Fornleið I I:I

Fornleiðin byrjar u.þ.b. miðja vegu milli fornleifa 18:1 og 19:1 í landi Skarðs en þær höfðu verið skráðar árið 2001. Fornleiðin þverar Bæjarnesið þar sem það teygir sig að bökkum Þjórsár sunnan fyrir landi Haga í Gnúpverjahreppi. Fornleiðin liggur u.þ.b. í A-V. Að kröfu Fornleifaverndar ríkisins var sá hluti leiðarinnar sem þverar Bæjarnesið, nákvæmleg mældur inn með GPS tæki og leiðin teiknuð inn á loftmynd. Eins og annarsstaðar var notast við Isn 93 staðal við mælinguna. Fenginn var mælingamaður frá Verkfræðistofu Suðurlands sem mældi leiðina en fornleiðin var einnig ljósmynduð á völdum köflum með stafrænum hætti (sjá myndir 4 og 26-35). Leiðin heldur áfram til A í átt að eyðibýlinu Yrjum (sjá mynd 4), en þar var ekki mælt.



Mynd 26. Byrjun fornleiðar I I:I. Í fjarska sést Núpsfjall í Gnúpverjahreppi (Ljós. BFE. Horft mót NV. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 46).



Mynd 27. Fornleið 11:1. Greinilegri en svo verða vart fornleiðir. Í fjarska sést Búrfell (Ljósm. BFE. Horft mót A. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 47).



Mynd 28. Fornleið 11:1 (Ljósm. BFE. Horft mót ASA. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 48).



Mynd 29. Fornleið I I:I (Ljósm. BFE. Horft mót A. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 49).



Mynd 30. Fornleið I I:I (Ljósm. BFE. Horft mót ASA. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 50).



Mynd 31. Fornleið I I:I (Ljósm. BFE. Horft mót ASA. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 51).



Mynd 32. Fornleið I I:I (Ljósm. BFE. Horft mót ASA. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 52).



Mynd 33. Fornleið 11:1. Leiðin beygir á áberandi hátt við jaðar austanverðs Bæjarnessins að rústum 16:1-3, meints fornbylis (Ljós. BFE. Horft mót A. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 53).



Mynd 34. Fornleið 11:1. Myndin tekin á sama stað og efri myndin á undan. Næsti viðkomustaður, Landnámsbýlið Á? (Ljós. BFE. Horft mót NV. Stafrænar myndir Rangárvallas. nr. 54).

6.2 Fornleifar í Gnúpverjahreppi

Alls voru kannaðar sex fornleifar í löndum Minna-Núps, Fossness og Haga í Gnúpverjahreppi. Hér verður fjallað nánar um þær allar.

6.2.1 Rúst 45:1. Stekkur í landi Minna-Núps


Rústin liggur sunnan undir skúta í Norðlingakletti um 40 m NNV af þjóðveginum. Rústin mældist á yfirborði 15 metrar að lengd og fimm metrar á breidd. Rústin snýr í NA-SV og eru tvö hólf á henni, A og B, og eru dyr líklega á báðum hölfum til suðvesturs. Rústin var byggð utan í klettana sem mynda skútann. Var veggur skútans notaður sem NV-veggur stekkjarins. Mótvægisaðgerðirnar fólust í því að nákvæm yfirborðsmynd var teiknuð af rústinni í mælikvarðanum 1:100. Auk þessa var grafinn sex metra langur og eins metra breiður prufuskurður í gegnum langvegg rústarinnar inn að klettaveggnum til að kanna aldur hennar og gerð og hvort eldri rústir leyndust



Mynd 36. Stekkur í landi Minna-Núps. Sjá má hvernig steinum hefur verið raðað upp á rönd við innri vegglinu til að mynda lóðréttan kant (Ljósm. BFE. Horft mót SV. Stafrænar myndir Árness. nr. 2).

undir stekknunum. Prufuskurðurinn var grafinn frá klettaveggnum eða innst í skútanum til SA í gegnum langvegg rústarinnar. Aðeins nokkrum sentimetrum undir yfirborðinu var komið niður á lag með smásteinum og sandi. Líklegast er um að ræða aðflutt lag, gamla yfirborð rústarinnar. Suður- og austurveggir rústarinnar hafa að mestu leyti verið hlaðnir úr torfi en með ytri og innri steinaröð. Ytri steinaröðin var þó frekar slitrótt. Að innanverðu hafði steinhellum verið raðað upp á rönd og mynduðu þær

sléttan vegg. Minnti þetta byggingarlag mjög á það sem notað var við stekk í landi Fossness (sjá umfjöllun um rúst 48:1). Þversnið þrúfuskurðarins og yfirborð hans voru teiknuð í mælikvarðanum 1:20 mót SV en rústin og þrúfuskurðurinn voru einnig ljósmynduð á stafrænan hátt (Sjá Rannsóknaskrá Árnassýslu og myndir 36-39 og 94-96).




Mynd 37. Yfirborðsteikning af stekki í landi Minna-Núps. (Frumt. GM. Hreint. SEC).

Við rannsóknina fundust engir gripir og ekki var komið niður á neitt eiginlegt mannvistarlag fyrir utan gamla yfirborðið sem áður var lýst. Undir gamla yfirborðinu var svart gjóskulag sem tekið var sýni úr (nr. 1 í Árnass.). Niðurstaðan á þeirri gjóskugreiningunni leiddi í ljós að lagið tilheyrir Kötlugosi frá árinu 1721. Þar sem veggur stekkjarins sker gjóskulagið er stekkurinn yngri en það. Því má segja með nokkurri vissu að stekkurinn sé ekki eldri heldur en frá fyrri hluta 18. aldar en gæti þó verið yngri, jafnvel mun yngri. Skilyrðum Fornleifaverndar ríkisins telst því fullnægt og engra frekari aðgerða er þörf.

6.2.2 Rúst 46:1. Meint rúst í landi Minna-Núps

Hin meinta rúst liggur skammt frá Djáknappollskeldu, vestan við Fagrahól, í landi Minna-Núps. Í fornleifaskrá frá árinu 2001 er talið að hóllinn kunni að geyma rúst. Mótvægisáðgerðirnar fólust í því að kanna hina meintu rúst á yfirborði og grafa þrúfuskurði til að kanna tilvist hennar, eðli og aldur. Þrúfuskurðirnir voru tveir og settir nálægt miðju hinnar meintu rústar. Ekki fundust nein mannvistarlög eða annað sem gæti bent til þess að mannvirki hafi staðið á þessum stað. Því er hér um náttúrumyndun að ræða og af þeim sökum var ekkert teiknað en til staðfestingar voru



Mynd 38-39. Stekkur í landi Minna-Núps. Efri myndin sýnir þversnið þrúfuskurðarins mót NA en neðri myndin sýnir flatarteikningu hans. Brotalínurnar á efri myndinni sýna áætlaða veggjarþykkt út frá steinum sem sáust bæði í þversniði og í plani (Frumt. BB. Hreint. SEC). Ath. ljósgrár litur sýnir steina.

prufuholurnar ljósmyndaðar með stafrænum hætti (Sjá Rannsóknaskrá Árnassýslu). Frekari aðgerða er ekki þörf.

6.2.3 Rúst 47: I. Náttugi í landi Fossness


Gerðið liggur um 100 m ofan við Þjóðveginn og var þegar fornleifaskráning fór fram um 30x100 m að stærð. Mótvægisáðgerðirnar fólust í því að mæla upp gerðið og teikna það í hlutföllunum 1:100 en einnig átti að kanna gerð þess og aldur með prufuskurði. Þegar komið var á vettvang sumarið 2009 var gerðið að mestu eyðilagt vegna nýlegrar túnræktar og skurðar sem gekk þvert á það. Það eina sem eftir lifði af gerðinu var stuttur kafli vestast á svæðinu. Lá skurðurinn þvert á þennan kafla en hægt var að hreinsa skurðarbarminn og sjá þannig vegg gerðisins. Gerðið var aðeins ljósmyndað þar sem ekki var hægt að fóta sig á svæðinu við teikningu (Sjá Rannsóknaskrá Árnassýslu). Í sniðinu mátti sjá að gerðið var gert úr torfi eingöngu, sennilega streng, og hefur það sokkið nokkuð niður í mýrina sem þarna var. Eitt gjóskusýni var tekið úr torfvegg gerðisins en niðurstaða þeirrar greiningar leiddi í ljós að torfið í veggnum sem gerðið er byggt úr var tekið þónokkru eftir að Kötlulagið frá 1721 féll. Skilyrðum Fornleifaverndar ríkisins telst því fullnægt og engra frekari aðgerða þörf.

6.2.4 Rúst 48: I. Stekkur í landi Fossness

Rústin liggur um 60 m NV við Þverá í landi Fossness en lítil lækjarspræna eða sytra rennur um þremur metrum SV við rústina. Rústin snýr í NNA-SSV og mældist 15 metrar á lengd og sjö metrar á breidd þar sem hún var breiðust en mjókkaði í SSV-endanum þar sem hún mældist um fjórir metrar á breidd. Rústin er byggð utan í kletta og myndar klettaveggurinn vestur hlið hennar að mestu leyti. Tvö rými eru á rústinni, A og B, og eru dyr á rými A í ANA. Þessi rúst er stekkjarrúst og hefur rými B verið lambakró. SV-hluti stekkjarsins er ógreinilegur og ekki er lengur hægt að greina á milli hruns og náttúrulegrar brekku sem liggur að þeirri hlið.

Mótvægisáðgerðirnar fólust í því að stekkurinn var mældur upp og teiknaður í mælikvarðanum 1:100. Einnig var prufuskurður grafinn frá klettunum og í gegnum langvegg rústarinnar, til VSV, til að kanna aldur hennar, gerð og hvort eldri rústir leyndust undir henni. Prufuskurðurinn var sjö metrar á lengd og einn metri á breidd.

Prufuskurðurinn leiddi í ljós að veggir stekkjarins hafa verið hlaðnir úr torfi að mestu leyti en með ytri og innri steinaröð. Líkt og með stekkin í landi Minna-Núps (rúst 45:1) hefur steinhellum verið raðað upp á rönd til að mynda tiltölulega sléttan vegg að innanverðu. Plan prufuskurðarins var teiknað tvívegis í mælikvarðanum 1:20 en auk þess voru neðstu steinarnir í veggnum teiknaðir sérstaklega, einnig í mælikvarðanum 1:20 (Sjá Rannsóknaskrá Árnessýslu og myndir 40-42 og 97-101). Til að skera úr um aldur stekkjarins voru tekin þrjú gjóskusýni. Niðurstöður gjóskugreininganna leiddu í ljós að rústin sker Kötlulag sem fallið hefur árið 1721. Rústin er því yngri en það. Þversnið prufuskurðarinsvar teiknað í mælikvarðanum 1:20 mót N. Prufuskurðurinn og rústin voru einnig ljósmynduð með stafrænum hætti.




Mynd 40. Teikningar Daniels Bruun af stekkjarrúst við Fossness (Bruun 1897:63).

Stekkur þessi hefur nú a.m.k verið teiknaður upp tvisvar því á ferðum sínum um Suðurland í lok 19. aldar teiknaði Daniel Bruun upp þennan sama stekk á Fossnesi og birti í bók sinni *Fortidsminder og nutidshjem* sem út kom árið 1897.

Í bókinni greindi Bruun einnig frá því að þó svo hann hafi séð marga stekki á ferðum sínum hafi það eingöngu verið umræddur stekkur í Fossnesi sem hann hefði séð í notkun (Bruun 1897:63). Stekkurinn hefur því verið í notkun við lok 19. aldar samkvæmt þessu.

Þegar gerð var yfirborðsteikning af stekknunum kom í ljós að stekkurinn hefur breyst talsvert síðan Daniel Bruun teiknaði hann upp. Þegar yfirborðsteikning sumarsins er borin saman við uppdrátt Daniels Bruun kemur í ljós að SV-hluti stekkjarins hefur horfið en hugsanlega hefur hann grafist í skriðufalli. Samanburðurinn leiðir einnig í ljós að í NA-hlutanum hafa orðið breytingar. NA-gaflinn á uppdrætti Bruuns hefur verið færður um tvo metra til norðurs, eða þangað




Mynd 41. Yfirborðsteikning stekkjar í landi Fossnes (rúst 48:1). Á myndina hefur verið bætt uppdrætti Daniels Bruun sem birtist hér að ofan (Frumt. ÁG, IHV, Hreint, SEC).

þar sem hann sést á yfirborðsmyndinni frá 2009. Steinarnir sem sjást í u.þ.b. miðju hólfi A gætu verið leifar af gamla gaflinum. Hugsanlega hefur norðurgaflinn eyðilagst á sama tíma og sá syðri, eða verið eyðilagður síðar, og efni úr honum notað í nýja gaflinn. Myndirnar tvær, uppdráttur Bruuns og yfirborðsmyndin frá 2009, sýna því tvær mismunandi kynslóðir stekkjarins.

Ekkert eiginlegt mannvistarlag fannst inni í stekknunum en fyrir utan vegginn fundust slitrur af mannvistarlagi. Í því lagi fundust 55 brot af hvítleir. Brotin munu vera úr allavega tveimur ílátum og passa mörg brotanna saman. Flest brotanna eru skreytt og eru sum hver með texta. Þegar brotunum var raðað saman var hægt að lesa stafina M-Æ-L. Hugsanlega vantar því aðeins einn staf í þessa krossgátu til að fullkomna röðina. Stæði þá M-Æ-L-K á allavega öðru ílátinu en það eru þó getgátur einar. Leirkerin eru alls ekki eldri en frá 18. öld, líklegra er að þau séu frá þeirri 19. Á teikningunni virðist þó sem að mannvistarlagið liggi allt fyrir neðan gjóskulagið frá 1721 og sé því eldra en augljóst má þykja að mannvistarlagið hafi náð upp úr gjóskunni á stöku stað. Mögulega er því eldri kynslóð stekkjarins byggð á 18. öld en gæti þó verið yngri. Yngri kynslóðin gæti þó verið mun yngri, jafnvel byggð á 20. öld. Skilyrðum Fornleifaverndar ríkisins telst fullnægt og engra frekari aðgerða er þörf.

Fossnes - rúst 48: I, þversnið mót N.
Gnúpverjahreppur, Árnessýsla

Eigið kerfi og hæðir
Frumt. ÁG, BB, GM - 2009
Hreint. SEC - 2009



1. Grasrót.
2. Svört gjóska, slitrótt (sýni C).
3. Torfveggur.
4. Áfokslag með torfslettum.
5. Sendið áfokslag.
6. Mjög sendið áfokslag.
7. M-lag, rauðleitt og torfskotið (sýni A).
8. Áfokslag, blandað sandi, gjósku og lífrænum leifum. Vantsborið á köflum, sérstaklega því sem neðar dregur; ofarlega er lagið ljósara, sendnara og léttara.
9. Vatnsborið dökkt lag með ljósum vikri í, sama og 10
10. Sama og 9.
11. Dökkgrátt gjóskulag, hugsanlega sama og 13.
- * Sýni tekið

12. Dökkgrátt gjóskulag, blandað sandi og smásteinum. Hugsanlega vatnsborin. Sama og 14.
13. Dökkleitt gjóskuslykja, sama og 11.
14. Sama gjóska og 12 (sýni D).
15. Þunn svört gjóska. Hugsanlega sama og 2.
16. Svipar til 15 (sýni B).
17. Þunn grásvört gjóska. Hugsanlega sama og 21.
18. Dökkgrátt gjóskulag, þunnt. Hugsanlega sama og 12 og 14. ekki með smásteinum eða vantsborin.
19. Afar þunn og grásprengr gjóskusletta. Hugsanlega sama og 20.
20. Afar þunn og grásprengr gjóskusletta. Hugsanlega sama og 19.
21. Svartskotin gjóskusletta, snertir 12 eða leggst þétt að henni. Þó ekki lík gjóskulögum 12, 14 og 18 og líklega ekki sú sama. Væntanlega sama gjóska og 17 (sýni E).



Mynd 42. Þversnið prufuskurðar í stekk í Fossnesi. Hoft mót N (Frumt. ÁG, IHV. Hreint. SEC).


6.2.5 Rúst 51:I. Fjárborg í Hagaey

Vestarlega á Hagaey við grasi gróna hvilft í móa var rannsökuð rúst fjárborgar. Við skráningu sem fór fram árið 2001 kom í ljós að fjárborgin var hlaðin úr grjóti og voru veggir hennar í góðu ásigkomulagi. Á yfirborði mældist rústin sex metrar í þvermál og sneri miðað við dyrnar í NNV-SSA og voru dyrnar í SSA. Fyrstu mótvægisáðgerðirnar fólust í því að rústin var mæld upp og teiknuð í mælikvarðanum 1:100 og þrúfuskurður var grafinn þvert í gegnum hana til að kanna aldur hennar og gerð. Þrúfuskurðurinn var sex og hálfur metri á lengd en einn metri á breidd.

Í þrúfuskurðinum kom í ljós að veggur fjárborgarinnar var gerður með einfaldri kringlóttri grjóthleðslu í u.þ.b. eins metra hæð. Þá var einnig komið niður á taðgólf og við gólfið í miðjum þrúfuskurðinum fannst efri partur af járnnacla. Plan þrúfuskurðarins og þversnið hans mót V voru teiknuð í mælikvarðanum 1:20 en þrúfuskurðurinn og rústin voru ljósmynduð á stafrænan hátt (sjá Rannsóknaskrá og myndir 43-44, 51-53, 55-57 og 102-106). Að þessum rannsóknum loknum taldi Fornleifavernd ríkisins að nauðsynlegt væri að rannsaka rústina alla með fullnaðarrannsókn. Sú rannsókn fór fram undir lok uppgráftartímabilsins sumarið 2009 en um þá rannsókn verður fjallað um í 8. kafla en með henni telst skilyrðum Fornleifaverndar ríkisins fullnægt og engra frekari aðgerða er þörf.



Mynd 43. Þrúfuskurður í rúst 51:I. Í baksýn sést Skarðsfjall og ef vel er að gáð sést rúst 10:I handan Þjórsár í Rangárvallasýslu (Ljós. I.HV. Horft mót S. Stafrænar myndir Árnass. nr. 57).




Mynd 44. Prufuskurður í rúst 51:1. Þversnið mót V. Greinilega sjást fallegar og vel hlaðnar vegghleðslur. Stærð og form steina við dyr, vinstra megin á mynd, er tilgáta (Frumt. IHV. Hreint. SEC).

6.2.6 Rúst 52:1. Beitarhús í Hagaey

Rústin er á lágum hól í Hagaey austanverðri og snýr í NNV-SSA. Beitarhúsið mældist á yfirborði 19 metrar á lengd og sjö metrar á breidd og skiptist í tvö rými, A og B, og eru dyr á rými A til SSA. Rými B er hlaða, líkt og strympa með niðurgrofðu gólfi. Mótvægisadgerðirnar fólust í því að rústin var mæld upp og teiknuð í mælikvarðanum 1:100. Við fornleifaskráninguna árið 2001 var talið að beitarhúsið gæti staðið ofan á eldri minjum og því voru þrír prufuskurðir grafnir í rústina til að kanna hvort svo hafi verið. Tveir prufuskurðanna voru grafnir þvert í gegnum langveggina á rými A og voru þeir hvor um sig fjórir metrar á lengd og einn metri á breidd. Þriðji prufuskurðurinn, fjórir og hálfur metri á lengd og einn metri á breidd, var grafinn þvert í gegnum gaflinn á rými B. Ákveðið var að teikna prufuskurði 1 og 2 mót N í mælikvarðanum 1:20 en einnig var teiknuð yfirborðslína á milli prufuskurðanna. Önnur yfirborðslína var teiknuð yfir hlöðinu frá A-V og sú þriðja frá prufuskurði 3 eftir rústinni endilangri og í gegnum S-útvegginn (gaflinn). Prufuskurðirnir voru einnig ljósmyndaðir á stafrænan hátt (Sjá Rannsóknaskrá Rangárvallasýslu og myndir 45-48 og 107-110).

Prufuskurðirnir leiddu í ljós að beitarhúsið stendur ekki ofan á eldri rúst heldur er hún grafinn inn í náttúrulegan hól að talsverðu leyti. Veggir rústarinnar eru því að vissu leyti náttúrulegur hól en hlaðið hefur verið með grjóti að innanverðu upp frá gólfi


jafnframt því sem torf hefur verið sett á bakkann og veggurinn þannig hlaðinn upp (sjá mynd 48). Rými A er töluvert minna niðurgrafið heldur en hlaðan. Svo virðist sem skurður hafi verið grafinn við beitarhúsið einhvertíma á 20. öld sem kom bersýnilega í ljós í þversniði þrúfuskurðar 1 (sjá mynd 47). Skilyrðum Fornleifaverndar ríkisins telst því fullnægt og engra frekari aðgerða er þörf.



Mynd 45. Yfirborðsteikning af rúst 52:I í Hagaey (Frumt. ÁG, GM. Hreint. SEC).



Mynd 46. Innri vegggleðsla á gaffli hlöðunnar í rúst 52:I (Ljósm. BFE. Horft mót NNV. Stafrænar ljósm. Árness. nr. 48).



Mynd 47. Prufuskurður 1 og 2 í rúst 52: I. Þversnið mót N. (Frumt. ÁG, GM. Hreint. SEC).

6.3 Samantekt

Tafla 6 sýnir yfirlit yfir þær fornleifar sem voru rannsakaðar sumarið 2009, hvaða mótvægisaðgerða gripið var til og hvort frekari aðgerða sé þörf.

Rúst	Mótvægisaðgerðir	Frekari aðgerða þörf
2:1-9	Nánar í 7. kafla	Nei
2:10	Mæla nákvæmt GPS á allri leiðinni og ljósmynda	Nei
8:1	Yfirborðsteikn. og prufuskurður til að kanna hvort eldri minjar leynist undir	Nei
11:1	Mæla nákvæmt GPS á allri leiðinni og ljósmynda	Nei
10:1	Yfirborðsteikn. og prufuskurður til að kanna hvort eldri minjar leynist undir	Nei
13:1	Yfirborðsteikn.	Nei
15:1	Kanna svæðið umhverfis með könnunarholum	Vöktunaráætlun
16:1-3	Kanna svæðið umhverfis með könnunarholum	Vöktunaráætlun
17:1	Yfirborðsteikn.	Nei
19:1	Var rannsökuð fyrir misskilning	Nei
45:1	Yfirborðsteikn. og prufuskurður til að kanna aldur	Nei
4:14	Kanna umfang og aldur með könnunarholum	Já (sjá nánar í 9. kafla).
46:1	Yfirborðsteikn. og prufuskurður til að kanna aldur, eðli og umfang	Nei
47:1	Stafrænar ljósmyndir	Nei
48:1	Yfirborðsteikn. og prufuskurður til að kanna aldur og gerð	Nei
51:1	Yfirborðsteikn. og prufuskurður til að kanna aldur, fullnaðarrannsókn í kjölfarið	Nei (sjá nánar í 8. kafla).
52:1	Yfirborðsteikn. og prufuskurður til að kanna hvort eldri minjar leynist undir	Nei

Tafla 6. Yfirlit yfir þær mótvægisaðgerðir sem fóru fram sumarið 2009 og hugsanlegar framhaldsaðgerðir.

7 Skarðssel

7.1 Skarðssel. Saga jarðarinnar

Skarðssel var hjáleiga frá Skarði í Landsveit og er staðsett á bökkum Þjórsár norðaustan við Skarðsfjall. Bæjarstæðið stendur mjög nærri bökkunum en bæjarhúsin eru aðeins í um 30 m fjarlægð frá ánni. Landslagið í kringum Skarðssel einkennist því af Þjórsá í norðri en í suðri af Skarðsfjalli, Gildruhól og Húshól en það eru tveir hólar sem ganga norður úr Skarðsfjalli. Norður fyrir Skarðsseli, í Þjórsá, er Hagaey sem



Mynd 48. Yfirlit yfir bæjarhúsin í Skarðsseli (Ljós. BFE. Horft til N. Stafrænar myndir Árness. nr. 1).


tilheyrir jörðinni Haga í Gnúpverjahreppi. Í norðaustur frá Skarðsseli er gróin tunga meðfram Þjórsá, er heitir Karlsnes en graslendið í kringum Skarðssel einkennist af þurrlendum vallendisbökkum og móum. Á þennan stað var býlið fært árið 1895 en það hafði áður staðið skammt NA-undir Skarðsfjalli og hafði þá verið kallað Skarðssel eða Sel (Brynjúlfur Jónsson 1898:2). Eftir flutninginn árið 1895 fékk gamla bæjarstæðið nafnið Gamla-Sel og verður því nafni haldið í umfjölluninni hér á eftir þegar vísað er til þess.

Heimildir um býlið með þremur nöfnum ná aftur til byrjun 18. aldar en sagt er frá

því í manntalinu árið 1703 og í Jarðabók Árna og Páls að ábúandi á fimm hundraða hjáleigunni Seli sé Gísli Gissursson ásamt konu sinni og börnum og að þar hafi verið búið fyrir elstu manna minni (*Manntal á Íslandi árið 1703* 1924-1947:498; *JÁP* 1913-1917:293). Hugsanlegt er þó að heitin Skarðssel og Sel séu misgömul. Heitið Sel kemur fyrir í manntali og jarðabók frá byrjun 18. aldar en Skarðssel kemur ekki fram fyrr en í sóknarlýsingu Skarðssóknar frá árinu 1841 (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1968:165) og í jarðabók frá árinu 1861 (*Ný Jarðabók fyrir Ísland* 1861:20). Því getur hugsast að nafnið Sel sé eldra en Skarðssel. Þó getur einnig verið að nöfnin hafi verið í notkun samtímis því í jarðabók sem samin var á árabílinu 1835-1845 er býlið enn kallað Sel (*Jarðatal á Íslandi* 1847:44). Eftir miðja 19. öldina er þó eingöngu notað heitið Skarðssel.

Fornleifarannsóknir fóru fram að Gamla-Seli árið 1998 og grafnar voru fjórar prufuholur á bæjarstæðinu. Í prufuholum fundust vísbendingar um að sennilega hafi verið gler í gluggum bæjarins og eftir 1870 má ætla að eldavél hafi bæst í búsaðaldaflórana á bænum því nokkuð magn steinkola fannst í prufuholu (Bjarni F. Einarsson 1999:15). Fornleifarannsóknirnar leiddu jafnframt í ljós að byggð hefur hafist í Gamla-Seli einhvertíma stuttlega eftir 1721 og staðið fram til 1895 þegar bærinn var færður að bökkum Þjórsár eins og áður var getið (Bjarni F. Einarsson 1999:33). Það gefur því auga leið að fyrst búskapur hefur hafist í Gamla-Seli stuttlega eftir árið 1721 hefur býlið Sel sem getið er um í jarðabókinni og manntalinu frá 1703 staðið annarsstaðar. Þar að auki segir í jarðabókinni að: „Slægjum, sem voru, hefur blásturs sandur spillt og liggur það lítið sem eftir er undir ágangi, jafnvel eyðileggingu. Líka grandar gil nokkurt úr fjallinu, sem í leysingu og vatnsgangi rennur í húsin, so stór skaðavon er, ef ekki væri athugi á hafður. Beitarlandinu grandar og stórum blásturs sandur.“ (*JÁP* 1913-1917:293). Þessi lýsing kemur því illa heim og saman við landslag Gamla-Sels því þar er hvergi nálægt gilið sem minnst er á í jarðabókinni.

Leiða má líkum að því að Sel það sem kemur fyrir í manntalinu árið 1703 hafi staðið undir Skarðsfjalli þar sem heitir Selgil (Bjarni F. Einarsson 2001:99). Þá passar einnig lýsing jarðabókarinnar á vatnsgangi úr gili við Selgil sem gæti skýrt hvers vegna býlið var fært þó svo að uppblásturinn hafi áreiðanlega hjálpað til (Bjarni F. 1999:33). Tillaga að búsetuþróun býlisins má sjá á mynd 49.



Mynd 49. Búsetuþróun hjáleigunnar Sels eða Skarðssels (Lofmynd: Landsvirkjun. Viðbætur: SEC/ Fornleifafræðistofan).

Ástæða þess að býlið var fært öðru sinni árið 1895, að bökkum Þjórsár, mun þó hafa verið uppblástur. Í skýrslu jarðfræðings sem fjallaði um gjóskulög í tengslum við fornleifarannsóknirnar árið 1998 kemur fram að fyrstu 100 árin í sögu Gamla-Sels hafa sennilega verið þokkaleg. Um og uppúr miðri 19. öldinni hafa búsetuskilyrði þó farið að versna og uppblástursgeirinn sem Bæjarnesið teygir sig upp úr hefur á endanum orðið til þess að bærinn var færður að bökkum Þjórsár árið 1895 (Bryndís Róbertsdóttir 1999:7-8). Þessi greining jarðfræðingsins kemur heim og saman við aðrar heimildir. Í tímaritinu Ísafold birtist árið 1885 skýrsla eftir Jónas prest Jónasson um sandeyðinguna í Rangárvallasýslu. Þar lýsir presturinn því hvernig Landsveitin liggur undir stöðugum uppblæstri vikurs úr Þjórsárdal. Í skýrslunni segir að þessi uppblástur hafi þá þegar eytt fjölmörgum bæjum í sveitinni og sé við það að leggja fleiri í eyði, m.a. Skarðssel (Jónas Jónasson 1885:143). Áður en bærinn var færður hafði jörðin verið auglýst til sölu. Auglýsingin birtist í *Þjóðólfi* þ. 28. júlí árið 1869 og var jörðin auglýst sem 8 hundruð að dýrleika (G. Torfason 1869:163). Saga Skarðssels eða Sels er því einskonar dæmisaga margra bæja í Landsveitinni og þá elífu baráttu sem sveitungar í Landmannahreppi hafa háð við uppblásturinn. Árið 1882 var sandfokið svo mikið að Rangæingar sem og fleiri Sunnlendingar kölluðu árið Sandár eða Felliár (Friðrik Olgeirsson 2007:4). Jafnvel stórbýlið Skarð, sem hjáleigan Skarðssel tilheyrði, náði ekki að standast ágang uppblástursins og var flutt árið 1878 þangað sem bæjarhúsin standa nú SA af Skarðfjalli. Áður stóð bærinn undir

miðju Skarðsfjallinu austanverðu eða í brekkurótum þess (*Sunnlenskar Byggðir* 1987:197). Eftir veturinn 1884-1885 var talað um að leggja alla Landsveitina undir afrétt því hvenær sem vind tók að herða lagðist sandfokið yfir sveitina svo að fyrir sólu dró, jafnvel í heiðskýru veðri (Friðrik Olgeirsson 2007:7).

Baráttu Skarðssels við uppblásturinn var þó ekki lokið með flutninginum að bökkum Þjórsár árið 1895. Uppblásturinn hélt áfram í byrjun 20. aldarinnar og því aðeins spursmál hvenær hjáleigan myndi lúta í lægra haldi. Þegar Matthías Þórðarson þjóðminjavörður kom til að athuga uppblásin mannabein sem Vilhjálmur Ólafsson frá Skarðsseli hafði fundið segir hann frá því að Vilhjálmur sé nú búsettur í Króktúni en um Skarðssel segir hann að: „hefir þar verið búið þangað til í vor, að Vilhjálmur flutti þaðan búferlum“ (Matthías Þórðarson 1932:54). Vilhjálmur var þó ekki síðasti ábúandinn í Skarðsseli því í *Sunnlenskum byggðum* segir að á eftir Vilhjálmi hafi Samúel Jónsson tekið við hjáleigunni og búið þar í fjögur ár en þá varð ekki unnt að byggja jörðina lengur og því fór hún í eyði árið 1935 (*Sunnlenskar Byggðir* 1987:199).

7.2 Rannsóknin sumarið 2009

Sumarið 2009 voru alls rannsakaðar níu fornleifar sem tilheyra bæjarstæði Skarðssels hins yngsta á bökkum Þjórsár. Mótvægisaðgerðirnar voru samkvæmt skilmálum Fornleifaverndar ríkisins þær að allar fornleifar hjáleigunnar skyldu mældar upp. Voru þær teiknaðar í mælikvarðanum 1:100. Einnig var ákveðið að allar teikningarnar yrðu færðar inn á loftmynd svo sjá mætti heildstæða mynd af bæjarstæðinu. Mynd 51 sýnir afstöðumynd fornleifa á bæjarstæði Skarðssels eins og það hefur verið á árunum 1895-1935 en mögulegt hlutverk einstakra húsa á bæjarstæðinu má sjá í töflu 7. Auk þess sem allar fornleifarnar voru mældar inn og teiknaðar voru þær ljósmyndaðar á stafrænan hátt. Ljósmyndirnar sem og yfirborðsteikningar af sérstökum rústum er að finna í Rannsóknaskrá (Sjá Rannsóknaskrá Rangárvallasýslu og myndir 48, 50 og 71-79). Skilyrðum Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisaðgerðir teljast því fullnægt og engra frekari aðgerða þörf.



Mynd 50. Afstöðumynd fornleifa á bæjarstæði Skarðssels í Holta- og Landsveit (Loftmynd: Landsvirkjun. Viðbætur: SEC/Fornleifafræðistofan).

Nr. rústar	Stærð	Hlutverk
2:1	26x16 m (NV-SA). Bæjarhúsin skiptast í sjö rými (B-H) en rými A er mögulega kálgarður (17x17 m). Íveruhúsin hafa líklega verið rými B-D en F-G skemma og smiðja.	Bæjarhús
2:2	7x3.5 m (NA-SV).	Hænsnakofi
2:3	7x7 m (NV-SA).	Hesthús
2:4	17.5x13 m (NV-SA).	Hestarétt
2:5	8x5.5 m (NA-SV).	Hrútakofi
2:6	10.5x4.5 m (VNV-ASA)	Naust/Heystæði
2:7	8x5.5 m (NV-SA).	Fjárhús/Sauðahús
2:8	21x13 m (ANA-VSV).	Veiðarfærageymsla?
2:9	4.5x4.5 m (NNV-SSA). NNV við rústina er rás sem nær að Þjórsá og mældist hún 28 m á lengd og 2.5-3 m á breidd.	Hróf/Naust?


Tafla 7. Mögulegt hlutverk einstakra rústa við Skarðssel.

8 FJÁRBORG Í HAGAÆY

Eins og áður greindi fór Fornleifavernd ríkisins fram á að fullnaðarrannsókn færi fram á rúst fjárborgar í Hagaey eftir að fornleifarannsókn lauk. Með fullnaðarrannsókn á fjárborginni í Hagaey var vonast til að hægt væri að segja nákvæmlega til um byggingarlag hennar og aldur. Jafnframt varð rannsóknin sú fyrsta þar sem fjárborg var rannsökuð til hlítar. Í þessum kafla verður fjallað um þá rannsókn í víðu samhengi þar sem leitast verður við að kanna sögu fjárborga, hvort til séu mismunandi gerðir af þeim og, ef svo er, hvort munur sé á þeim í tíma og rúmi. Einnig verður farið í saumana á fyrri kenningum um uppruna fjárborga hér á landi.

8.1 Rannsóknin

Eins og áður kom fram hafði þegar verið opnaður prufuskurður þvert á rústina sem var sex og hálfur metri á lengd og einn metri á breidd. Ákveðið var að opna svæði þrjá metra frá brúnum prufuskurðarins, beggja vegna við hann, og var því opnað auk prufuskurðarins 42.5 m² stórt svæði við rústina. Uppgriftarsvæðið hélst svo að mestu leyti óbreytt miðað við það svæði sem í fyrstu var opnað en þó var það stækkað um hálfan metra til norðurs, á eins metra kafla sitthvorumegin prufuskurðarins og varð við það 43.5 m² stórt.



Mynd 51. Yfirlitsmynd af rúst 51:1 fyrir uppgröft sem sýnir yfirborðsteikningu rústarinnar, prufuskurðinn og mörk uppgriftarsvæðisins (Frumt. GM, IHV. Hreint. SEC).

Grasrótinni var flett af með handafli en allur uppgröftur fór fram með handverkfærum; skóflum efst en þegar neðar dró og gólfið nálgadist var beitt smærri verkfærum. Sett var niður hnitakerfi á rústina og var upphafspunktur þess skilgreindur: X 100 Y 200. Þá var einnig hæðarpunktur skilgreindur en steinn var rekinn niður og hæð hans ákveðin 150 metrar yfir sjávarmáli og tók það mið af hæðum sem notaðar höfðu verið þegar þrúfuskurðurinn var grafinn. Þar sem rústin var í talsverðum halla og fyrirsjáanlegt að mikill munur yrði á hæðum utan með og inni í rústinni var steinninn með hæðarpunktinum staðsettur fyrir utan hið eiginlega hnitakerfi.



Mynd 52. Fjárborgin eins og hún leit út fyrir rannsókn (Ljós. BFE. Horft mót S).

Teiknaðar voru tvær flatarteikningar af rústinni, báðar í mælikvarðanum 1:20, en áður hafði yfirborðsteikning verið teiknuð í mælikvarðanum 1:100, flatarteikning þrúfuskurðarins í mælikvarðanum 1:20 og þversnið hans mót V í sama mælikvarða. Á fyrri planinu voru efstu steinar í veggjum teiknaðir ásamt dyraumbúnaðinum en á seinna planinu voru teiknaðir neðstu steinar veggja auk þess sem dyraumbúnaðurinn var teiknaður aftur eftir að steinar sem tilheyrðu hrúni höfðu verið fjarlægðir. Á þá teikningu voru einnig gólflögin teiknuð en þau voru tvö.

Fljótlega komu í ljós efstu steinar veggja, en veggirnir voru í mjög góðu ásigkomulagi eins og prufuskurðurinn hafði gefið fyrirheit um. Aðeins var grafið niður fyrir efstu steinaröð að utanverðu en að innanverðu var grafið alveg niður að gólfi. Steinaraðirnar í veggjunum voru því látnar halda sér niður að gólfi. Grafið var í gegnum bæði gólfin og að seinustu voru grafnar tvær öryggisholur inni í rústinni sem hvor um sig var 0.25x0.25 m. Öryggisholur þjóna þeim tilgangi að ganga úr skugga um að búið sé að grafa í gegnum alla mannvist á tilteknu svæði og leiddu öryggisholurnar í ljós að svo var.



Mynd 53. Rúst 51:1 vel á veg komin. Vel sést sá munur sem myndaðist á hæðum fyrir utan rústina og inni í henni. Ef myndin prentast vel sést greinilega hvernig fyllingin utan með grjóthleðslunni (ljós jarðvegur) sker sig frá náttúrulega hólnum (dekkri jarðvegur) (Ljós. BFE. Horft mót SSA. Stafrænar myndir Árness. nr. 116).

Fjárborgin mældist 4.5 m í þvermál að utanmáli og 3.7 m í þvermál að innanmáli (10.7 m² að flatarmáli), sneri í NNV-SSA og voru dyr á henni í SSA. Í ljós kom að fjárborgin hefur verið grafin inn í náttúrulegan hól, að einhverju leyti, að norðanverðu. Veggirnir hafa verið hlaðnir með einfaldri steinaröð úr meðalstóru hellugrjóti (hraunhellum) en á milli steinaraðarinnar og náttúrulega hólins hefur verið sett torf og mold. Þetta atriði sást mjög greinilega utan með veggjunum og í sniði

prufuskurðarins (sjá myndir 53 og 103). Rústin var reglulega hringlaga og grjóthleðslan var, víðast hvar, lóðrétt að innanverðu, þó með örlitlum halla inn á við að ofanverðu sbr. mynd 103. Hæð veggja miðað við gólfið var 0.8-0.9 m en við dyrnar þar sem veggirnir voru hærri mældist hæðin 1.06 m. Dálítill veggstúfur eða kampur myndaði dyraopið sem gekk út úr hringlaga hleðslunni um 0.7 m. Veggstúfurinn fyrir framan dyrnar var gerður úr hreinu torfi neðst en grjóti þar ofan á. Breidd dyranna var um 0.5 m við gólfið en við efstu steina var breiddin 0.3 m. Stafar þessi munur annaðhvort af því að efstu hleðslurnar hafa sigið örlítið inn á við en einnig getur verið að mismunurinn stafi af því að sérhver steinaröð hefur verið látin




Mynd 55. Efra gólfið grafið fram. Gólflagið sést vel (rauðbrúnt, efst á myndinni) og einnig sá hluti þess sem er rofinn (grár sandur). Á myndinni kemur einnig í ljós hversu reglulega hringlaga grjóthleðslan var. Einnig sést fyrir miðri mynd, nálægt veggnum, neglda fjölin (Ljós. BFE. Horft mót A. Stafrænar myndir Árness. nr. I 10).

skaga örlítið fram fyrir þá næstu á undan. Yfir dyrunum var hella (yfirliggjari), en greinilegt er að hún og efsti hluti dyranna hefur verið endurhlaðin í seinni tíð.

Það kann e.t.v. að vekja furðu hversu reglulega hringlaga grjóthleðslan var. Í riti sem Magnús Ketilsson gaf út í Hrappsey árið 1778 má þó finna mögulega skýringu á því. Í ritinu, sem fjallar um sauðfjárhirðingu, segir Magnús frá því hvernig eigi að hlaða hringlaga fjárbyrgi. Fyrst segir hann að útbúa þurfi ferkantað líkan þar sem

reikna skuli með að hver sauður þurfi tvær álnir. Því er svo skipt upp í ferkantaðan flokk. Þegar líkanið er tilbúið er farið svo að til að fá hleðsluna hringlaga: „Síðan stíngur hann nidr hæl í miðunne og hnýter um snære, sem nær úti horned á ferhirningnum, gengur hann so með snærid í kríngum hælinn og markar hringinn epter því sem snærid tilvísar og verður þá byrged nægelega stórt handa fenu til að liggja í.“ (Magnús Ketilsson 1778:57-58). Byrgið skuli svo hlaðið úr grjóti upp að miðju læri en kragi af torfhnausum þar ofan á sem stæði útaf allan hringinn til þess að ekki fenni í byrgið. Síðan hafi byrgið verið „uppdreged“ (Magnús Ketilsson 1778:57-58). Líklega hefur svipaðri aðferð verið beitt til að fá hleðsluna á fjárborginni í Hagaey reglulega hringlaga þó svo ekki hafi fundist stoðarhola eftir hælinn sem stungið var niður, enda gæti hola eftir hælinn hafa horfið við útgröft á efninu inni í fjárborginni.

Í fyrstu var talið að jarðvegurinn sem safnast hafði fyrir innan í rústinni væri sandur og fokmold sem blásið hefði ofan í fjárborgina eftir að hún féll úr notkun. Fljótlega varð þó ljóst að inni í rústinni var ekki bara sandur heldur einnig sendið torf. Í miðri rústinni voru torfflyksur en upp við veggina mátti greinilega sjá torfhnausa. Því má með nokkurri vissu segja að einhverskonar þak hafi verið ofan á veggjunum. Ekki fundust þó stoðarholur eða stoðarsteinar í gólfinu og því verður að gera ráð fyrir því að þakið hafi ekki fengið neinn stuðning nema frá veggjum fjárborgarinnar. Einn möguleikinn er að grjóthleðslan hafi



Mynd 56. Teikning Harðar Ágústssonar af borghlaðinni hlöðu á Eystri-Skógum. Mögulega hefur þakumbúnaður fjárborgarinnar í Hagaey verið áþekkur þessum (Hörður Ágústsson 1960:34).

upphaflega verið hærri og þakið blanda af torfi og grjóti, eða að þakið hafi hvílt ofan á timburgrind. Ekki verður alveg af ráðið hvort Magnús eigi við mannvirki með eða án þaks en sennilega á hann þó við þak sem þettað er með torfhnausum undir þakkskeggið svo að ekki fenni inn. Ef þakið hefur verið blanda af torfi og grjóti hefði mátt búast við því að finna leifar af grjóthruni inni í rústinni en svo var ekki. Ekki var

heldur að sjá að einhverja steina hafi vantað í grjóthleðsluna og því má telja líklegra að ofan á grjóthleðslunni hafi verið einhverskonar timburgrind sem torfið hefur hvílt á, mögulega eins og á mynd 56.

Gólfloegin voru tvö og hafði það efra fundist í prufuskurðinum sem grafinn hafði verið fyrir um sumarið. Síðar fannst það í allri rústinni en á kafla, næst dyrunum, var það rofið. Þar sem gólfinu sleppti var þunnt sandlag. Gólfið hefur líklega verið taðgólf. Það var fitugt, ljósrautt, gul- og gráskotið og í því mátti greina lífrænar leifar. Efra gólflagið var víðast hvar um fimm til sjö sm á þykkt þar sem það var þykkast. Þynnst var gólfið við veggina og næst dyrunum. Neðra gólfið var eins að gerð og það efra en útbreiðsla þess var minni, aðallega í S- og A-hluta rústarinnar en það var einnig mun þynnra og slitróttara. Á milli gólfanna var sandlinsa sem túlka má sem svo að sandur hafi verið borinn í gólfið með einhverju millibili, eftir að mokað hefur verið út úr fjárborginni, eða að fokið hafi inn í húsið á milli notkunarskeiða.

Sú staðreynd að efra gólfið var býsna þykkt bendir til þess að þak hafi verið á mannvirkinu sem varnað hefur því að gólfið veðraðist og blési burtu.

Á efra gólfinu fundust þrír viðarbútar og var einn þeirra úr fjöl, 0.4x0.2 m að stærð, sem í voru sjö naglar og naglabrot. Þeir voru þó ekki einu gripirnir sem fundust því auk þeirra fannst stakur nagli í miðri rústinni og áður hafði efra brot af nagla fundist í prufuskurðinum. Við dyrnar vestanmegin fannst svo leðurbútur og líklega hefur hann verið tjöruborinn. Gripirnir tilheyra væntanlega þakumbúnaði fjárborgarinnar, þó ekki leðurbúturinn. Hann gæti hafa tilheyrt dyraumbúnaði (sem Magnús Ketilsson mælir með), en aðrir möguleikar koma líka til greina.

Tvö sýni voru tekin úr gólfleginu og staðfesti greining fornvistfræðings að um skepnuhús hafi verið



Mynd 57. Naglar úr fjöl sem fundust á gólfi fjárborgarinnar (t.v.) og leðurbúturinn (t.h.) (Fnr. Hagaey 3-4. Ljós. JM).

um að ræða. Fékkst með því staðfest sú túlkun að rústin hafi verið fjárborg (Hrönn Konráðsdóttir 2010). Þar að auki höfðu ekki fundist nein ummerki um að rústin væri frekar mannbústaður, þ.e. viðarkol eða eldstæði sem bent gætu til þess að manneskjur hafi viðhafst í húsinu. Þegar skordýragreiningarnar eru bornar saman við greiningar sem gerðar voru á gólfsýnum úr skepnuhúsum við Þjótanda kemur í ljós að sömu tegundir ranabjallna var að finna á stöðunum sem benda til svipaðs umhverfis, þ.e. graslendis. Það forvitnilega er þó að í skepnuhúsunum frá Þjótanda fundust tegundir sem eingöngu lifa í mannbústöðum og hafa því borist þangað með mannfólki (Hrönn Konráðsdóttir 2008 og 2009). Þessar tegundir fundust ekki í Hagaey og gætu því rennt frekari stoðum undir þá kenningu að rústin í Hagaey hafi verið fjárborg þar sem sauðféð var látið ganga að mestu leyti sjálfala, án stöðugra samskipta við mannfólk.


Inni í dyrunum, í foklagi, var að finna gjóskuslettu en greining á henni leiddi í ljós að hún tilheyrir Kötlugosi frá 1721 að mestu leyti en er þó blandað eldri lögum. Segja má að þar sem gjóskulagið hefur blásið inn í dyrnar hefur fjárborgin verið reist áður en gjóskulagið féll. Fjárborgin hefur þó einnig verið í notkun eftir að gjóskulagið féll því blöndun gjóskulagsins við eldri lög bendir til umgangs utan við dyrnar. Þessi niðurstaða kemur ágætlega heim og saman við niðurstöðu C-14 greiningar sem gerð var á viðarbút sem lá ofan á gólfi rústarinnar. Sú greining hafði leitt í ljós að viðarbúturinn væri frá tímabilinu 1670-1960 e. Kr. Þar sem viðarbúturinn lá ofan á gólfinu og því líklega þangað kominn eftir að notkun fjárborgarinnar var hætt og þak hennar hefur fallið má færa rök fyrir því að aldur fjárborgarinnar sé á eldri mörkum C-14 sýnisins. Nær verður þó ekki komist en svo að fjárborgin hafi verið í notkun snemma á 18. öld en mögulega byggð eitthvað fyrr.

8.1 Elstu heimildir um fjárborgir

Um uppruna fjárborga hafa sumir bent á að þær svipi til borghlaðinna mannvirkja sem finnast víða á bresku eyjunum sem gjarnan eru eignaðar keltum eða piktum (Þorvaldur Friðriksson 1982:20-21). Slíkar hugmyndir má rekja aftur til Valtýs Guðmundssonar og Daniels Bruuns en sá fyrrnefndi skrifaði í bók sinni *Privatboligen på Island i Sagatiden* að fjárborgirnar íslensku eigi sér uppruna í húsum sem finna megji á bresku eyjunum og séu kallaðar „beehive-“ eða „pictish-houses“ en sögu

þeirra þar megi rekja aftur til steinaldar (Valtýr Guðmundsson 1889:107-108).

Þorvaldur Friðriksson bendir á þá staðreynd, í óbirtri B.A. ritgerð við Háskólann í Gautaborg, að fjárborgir og önnur borgghlaðin mannvirki finnist aðallega á því svæði þar sem finna megi keltnesk örnefni og keltneska landnámsmenn. Telur Þorvaldur þetta samband bera vott um að fjárborgir vísi til keltnesks menningararfs (Þorvaldur Friðriksson 1982:96). Erfitt hefur þó reynst að staðfesta þennan forna uppruna íslensku fjárborganna því ekki hefur verið hægt að sýna fram á óslitna sögu þeirra allt aftur til fyrstu tíðar Íslandsbyggðar. Því er vert að spyrja: hversu langt aftur er hægt að rekja sögu fjárborga og hvaðan koma þær?



Mynd 58. Samanburður Valtýs Guðmundssonar á fjárborg frá Íslandi (t.v.) og hringlaga mannvirki frá Suðureyjum (t.h.) (Valtýr Guðmundsson 1889:108-109).

Í ritgerð sinni segir Þorvaldur að ómögulegt sé að segja til um aldur elstu borganna án frekari fornleifarannsókna en elstu heimildina um fjárborg megi rekja aftur til miðbiks 16. aldar en sagt er frá henni í *Þjóðsögum Jóns Árnasonar* (Þorvaldur Friðriksson 1982:32-33 og 1983). Í Norður-Þingeyjarsýslu er sagt að Sigurður Jónsson, prestur á Presthólum, hafi verið fyrstur manna þar í sveit til að hlaða fjárborg um miðbik 17. aldar (Þorleifur Jónsson 1880:40). Raunar teygja munnmælasögur fjárborgirnar enn lengra aftur. Í svari Steingríms Jónssonar, prests í Odda í Rangárvallasýslu, við spurningum fornminjanefndarinnar (d. *Oldsagskommissionen*) árið 1817 segir hann frá þeim munnmælum í sveitinni að Sæmundur Fróði hafi haft fjárborgir í Oddhól (*Frásögur um fornaldarleifar* 1983:140). Séu þessar sagnir sannar mætti mögulega rekja fjárborgir aftur til 11. aldar. Slíkar vangaveltur eru þó reistar á

afar ótraustum grunni því seint geta munnmæla- og þjóðsögur talist til áreiðanlegra heimilda um aldur fornleifa.

Í Íslendingasögunum koma fjárborgir ekki fyrir en hús sem notuð eru fyrir sauðfé eru kölluð sauðahús, lambhús og geldingahús (Birna Lárusdóttir 2005:26-29). Fjárborgir koma ekki fyrir í fornbréfasafni en í þeim tilvikum þar sem borgir eru nefndar má líkum að því leiða að um sé að ræða náttúrulegar klettaborgir í tengslum við landamerkjalyásingar (t.d. *Íslenzkt fornbréfasafn* 1900-1904 :619).

Í *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans* kemur fram að elsta frumheildin um orðið fjárbyrgi sé að finna í Guðbrandsbiblíunni frá 1584 (*Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*). Hálfri öld síðar, í Búalögum frá árinu 1623 er að finna ákvæði um vetrarþeitt þar sem segir: „alen kemur vnder huorn sauð thil geymslu vm vetur og skiaede a huoria 20 og faj sa ed tekur annat huort hus edur Birgi og abirgist huorn sauð er hann syner ecki af epter lögum“ (*Búalög* 1915:149). Í þessum elstu heimildum eru þó ekki nefndar fjárborgir heldur fjárbyrgi.

Á öldunum þar á eftir koma þó fyrir bæði fjárborg og fjárbyrgi. Í Jarðabók Árna og Páls frá byrjun 18. aldar koma fyrir bæði heitin og ekki er að sjá að einhver sérstakur munur sé gerður á þeim (*JÁP* 1913-1917:139, 1931-1933:56, 1938:192). Þegar komið er fram á miðja 19. öld fjölga þeim heimildum sem nefna fjárborgir því í sýslu- og sóknalýsingunum er spurt um fjárborgir og því svarað að þær fyrirfinnist í all mörgum sýslum (*Sýslu- og Sóknalýsingar* 1979:12). Heilt yfir má þó segja að þær hafi verið flestar í Árnes-, Rangárvalla-, og Skaftafellssýslum þegar sýslu- og sóknalýsingarnar voru samdar (Birna Lárusdóttir 2005:65). Í sumum þessum sýslum voru jafnvel margar á hverjum bæ (Þorvaldur Friðriksson 1982:30-31). Í sýslu- og sóknalýsingu Efra-Holtþings greinir presturinn þar, Sigurður Sigurðsson, frá því að hann hafi sjálfur látið hlaða tvær fjárborgir úr hellugrjóti sem taka um 70 sauði hver (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1968:193).


Samkvæmt rituðum heimildum er því ekki hægt með góðu móti að rekja sögu fjárborga á Íslandi mjög langt aftur. Íslendingasögunar sem flestar voru skrifaðar á 13. öld nefna ekki fjárborgir heldur aðeins sauðahús, lambhús og geldingahús eins og áður kom fram. Fjárborgir eru ekki nefndar í rituðum heimildum fyrr en í byrjun 18. aldar. Í Búalögum frá 1623 er þó að finna ákvæði um fjárbyrgi og fjárbyrgi er einnig nefnt í *Guðbrandsbiblíunni* frá 1582. Eins og áður kom fram verður munurinn á fjárborgum og fjárbyrgjum ræddur hér á eftir en séu fjárbyrgi þessi samskonar

mannvirki og fjárborgirnar mætti segja að þeirra sé fyrst getið í heimildum um miðja 16. öld.

Þær fjárborgir sem rannsakaðar hafa verið með aðferðum fornleifafræðinnar virðast raðast niður á það tímabil sem ritheimildirnar hafa gefið til kynna. Þær fjárborgir sem finna má í skrá yfir friðlýstar fornleifar eru margar hverjar ekki eldri en frá lokum 19. aldar. Friðlýst fjárborg í landi Óttarsstaða sem hlaðin var um árið 1870 af Krístrúnu Sveinsdóttur tilheyrir þessum hópi (*Fornleifaskrá* 1990:16) sem og Hólmaborg í Heiðmörk sem hlaðin var af Karli E. Norðdahl árið 1918 (Bjarni F. Einarsson 1995:75). Í Papey rannsakaði Kristján Eldjárn fjárborg sem mun ekki vera eldri en frá byrjun 20. aldar (Kristján Eldjárn 1989:66). Frá sama tíma eru einnig margar af þeim uppistandandi fjárborgum sem finna má víða um land. Í tengslum við M.A. ritgerð sína í fornleifafræði við Háskóla Íslands gróf Birna Lárusdóttir könnunarskurði í nokkrar fjárborgir í Grímsnesi í Árnessýslu. Alls gróf Birna í fjórar meintar fjárborgir en einungis náðist að staðfesta að um skepnuhús hafi verið að ræða í tveimur tilvikum. Taldi Birna að þær hafi báðar fallið úr notkun um 1700 (Birna Lárusdóttir 2005:155-158). Fjárborgirnar í Grímsnesi voru því í notkun um svipað leyti og fjárborgin í Hagaey. Birna byggði túlkun sína á gjóskulögum en rannsóknir hennar eru jafnframt þær einu fyrir utan rannsóknina á fjárborginni í Hagaey þar sem reynt hefur verið að tímasetja fjárborgir með algildum aldursgreiningum.⁶

Að lokum má þó nefna eina rúst sem hugsanlega má túlka sem fjárborg, rúst 1 í Lundi í Borgarfirði. Rústin sem rannsökuð var af finnska fornleifafræðingnum Jouko Voionmaa var grafin sem hluti af norræna fornleifaleiðangrinum sumarið 1939. Rústin sem um ræðir samanstendur af tveimur hólfum og liggur í A-V. Eystra hólfið var hringlaga og út frá því í V gekk hitt hólfið með dyr á V gafl. Hringlaga rýmið var fimm metrar að utanmáli en tæplega fjórir metrar að innanmáli (Voionmaa 1943:175). Upphaflega var rústin túlkuð af Voionmaa sem skepnuhús með áföstu hringlaga heystæði en Hörður Ágústsson setti fram þá tilgátu að hringlaga rýmið hafi verið hlaða (Hörður Ágústsson 1960:26). Nokkurn fyrirvara þarf þó líklega að setja við túlkanir Voionmaa og uppdrætti hans. Márten Stenberger sem gróf Ísleifsstaði

⁶ Með algildum aldursgreiningum er átt við þær aldursgreiningar sem geta gefið aldur samkvæmt hefðbundnu tímatali. Aldursgreiningar sem geta gefið vísbendingar um innbyrðis aldur tveggja fyrirbæra, þ.e. að ákveðið fyrirbæri sé eldri eða yngri en eitthvað annað, eru kallaðar afstæðar aldursgreiningar.




Mynd 59. Uppdráttur Voionmaa af rúst I í Lundi í Borgarfirði (Voionmaa 1943:175).

skammt frá Lundi á sama tíma greinir frá því að rigning upp á nánast hvern einasta dag hafi gert honum mjög erfitt fyrir. Hafði rigningin svo mikil áhrif á Ísleifsstöðum að Stenberger treysti sér ekki til að segja almennilega til um hvernig þriðja og jafnframt elsta kynslóð húsanna þar hafi verið (Stenberger 1943a:159-160). Voionmaa nefnir hins vegar ekki rigninguna sem vafalítið hefur ollið honum jafn miklum erfiðleikum og Stenberger. Þá má einnig benda á að í grein Steffen Stummann Hansen „Pompeii Íslands“ frá árinu 2003 birtist hluti úr bréfi sem Aage Roussell ritaði dr. Paul Nørlund, en þeir voru einnig með í rannsóknarleiðangrinum 1939. Þar ber Roussell Voionmaa ekki vel söguna. Hann skrifar: „Voionmaa er prýðispiltur, en kann ekkert fyrir sér í byggingaforaleifafræði, uppmælingar hans eru hrein martröð. Hann er steinaldarmaður“ (Stummann Hansen 2003:87). Eftir þessu að dæma verður að taka niðurstöðum Voionmaa með talsverðum fyrirvara. Auk þessa er lýsing Voionmaa á gólfögum óljós. Gólfinu í hringlaga rýminu er aðeins lýst sem dökkbrúnu jarðlagi sem bendir eingöngu til þess að rústin hafi verið skepnuhús fremur en mannabústaður (Voionmaa 1943:178).

Þegar allt þetta er tekið með í reikninginn mætti því túlka rúst 1 í Lundi sem svo að hringlaga rústin sé byggð ofan í þá ferköntuðu og sé því yngri. Sú túlkun styrkist m.a. af legu dyranna á hringlaga rýminu sem snúa ekki beint á ferhyrnda rýmið heldur á skjön við það. Ef sú túlkun reynist rétt verður kenning Harðar um að hringlaga

rýmið sé hlaða að teljast ólíkleg. Líklegra er þá að hringlaga rýmið hafi verið fjárborg. Hugsanlega hefur þó norðurveggur ferkantaða rýmisins verið notaður áfram eftir að fjárborgin var byggð. Mímörg dæmi eru um að fjárborgir séu með aðhaldi, garði eða séu byggðar ofan í eldri rústir. Þannig má nefna fjárborgirnar á Þorbjarnarstöðum og Fífuhvammi sem báðar eru með aðhaldi við innganginn (*Fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar*:Hafnafj. 302:1, Kóp. 24:1). Með áföstu gerði eða hólfi eru t.d. fjárborgir við Ísólfs-skála, í Krísuvík, Saxhól og við Úlfljótsvatn (*Fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar*:Grindavík 3:1, Hafnafj. 216:1, Snæfellsb. 16:1 og



Mynd 60. Fjárborgirnar í Fífuhvammi (t.v.), á Þorbjarnarstöðum (fyrir miðju) og við Úlfljótsvatn (t.h.) (Frumt. BFE. Hreint. BFE).

Grafningsshr. 10:1). Dæmi um fjárborgir sem standa á eldri minjum eru fjárborgir í Kálfholti og í Vatnsleysustrandahrepp og er sú í Vatnsleysustrandahrepp líklega byggð úr efni sem tekið hefur verið úr eldri rústum á svæðinu (*Fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar*:Ásahr. 14:3, Vatnsl.str.hr. 37:1-4).

Mögulega hefur það sama átt sér stað í Lundi og í Vatnsleysustrandahrepp, þ.e. að grjótið í fjárborgina hafi að miklu leyti verið tekið úr suðurvegg ferkantaða rýmisins en báðar þessar rústir eru þó einnig töluvert raskaðar af yngri fjárhúsum sem stóðu á þessum stað áður en rannsóknirnar hófust. Hvað varðar aldurinn á hinni meintu fjárborg í Lundi er ekki gott að segja til um. Jarðvegsmyndun er lítil í Borgarfirði og því í raun lítill hæðarmunur á ungum og gömlum jarðlögum eða rústum en það gæti gert mönnum erfitt fyrir í túlkun á innbyrðis aldri minja. Í skýrslu Voionmaa segir aðeins að þar sem engir gripir fundust sé ómögulegt að segja til um hvenær rústirnar byggðust og hve lengi þær hafi verið í notkun, aðeins að þær megi rekja til seinni hluta miðalda (Voionmaa 1943:190).

Ljóst er að enn sem komið er ná þær heimildir sem fyrir liggja, fornleifafræðilegar sem sagnfræðilegar, ekki að teygja sögu fjárborga lengra aftur en

aftur á 16.-17. öld. Aðeins fjárborgin í Hagaey og í Grímsnesi hafa verið aldursgreindar og því ljóst að rannsaka þarf fleiri fjárborgir til að komast endanlega að því hvenær þær koma fyrst fram. Í framhaldinu er þó forvitnilegt að velta því upp hvort fjárbyrgin sem koma fram í elstu heimildunum á 16. og 17. öld séu öðruvísi mannvirki en fjárborgirnar, í hverju sá munur liggur og, í framhaldinu, hvaða áhrif það hafi fyrir túlkun rústarinnar í Hagaey.

Eins og áður greindi hafa menn velt því fyrir sér hver uppruni fjárborganna sé og taldi Valtýr Guðmundsson að þær byggðust á húsum sem rekja mætti til bresku eyjanna. Seinna tók Þorvaldur Friðriksson upp þessa hugmynd og setti fram þá tilgátu að borghlaðin mannvirki á Íslandi; fjárborgir, strympur og fiskbyrgi, væru minni um keltneskan menningararf (Þorvaldur Friðriksson 1982). Eins og sýnt var fram á hér að framan nær saga fjárborga ekki lengra aftur en til 16. aldar. Loku er þó ekki fyrir það skotið að öll borghlaðin mannvirkin eigi sér sameiginlegan uppruna. Talið hefur verið að elstu minjar um fiskbyrgi á Íslandi séu að finna á Gufuskálum og hefur Lúðvík Kristjánsson giskað á að þau séu e.t.v. frá 14. öld (Lúðvík Kristjánsson 1985:293). Fornleifarannsóknir á rúst 4:10 við Þjótanda hafa leitt í ljós að fiskbyrgi voru í notkun þar á 13. - 14. öld en elstu fiskbyrgi á landinu gætu mögulega verið frá því um 1200



Mynd 61. Fiskbyrgi á Gufuskálum á Snæfellsnesi (Lúðvík Kristjánsson 1985:296).


(Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir 2009:65).

Fiskbyrgi þessi minna óneytanlega á fjárborgirnar að því leyti að þau eru borgmynduð. Þó er sá munur á þeim að fjárborgirnar eru yfirleitt reglulega kringlóttar en fiskbyrgin eru allavega í lögun, stundum tveggja hólfa, og yfirleitt hlaðin úr grjóti eingöngu. Hugsanlegt er þó að bæði fiskbyrgi og fjárborgir byggji á sömu tækninni sem borist hefur hingað til lands erlendis frá. Þó verður að teljast ólíklegt að þessi byggingartækni hafi borist hingað með kelteskum landnámsmönnum og legið í dvala fram á 13. öld eins og Valtýr Guðmundsson og Þorvaldur Friðriksson gátu sér til um. Þeir eiga þó hugsanlega kollgátuna þegar þeir leiða að því líkum að þessi mannvirki megi rekja til bresku eyjanna. Líklegra er þó að ef þessi byggingartækni hafi borist hingað til lands frá bresku eyjunum hafi það verið í fyrsta lagi uppúr 1200, þegar enskir sjómenn tóku að sækja á Íslandsmið. Svo hart sóttu þeir miðin á tímabilinu 1415-1475 að 15. öldin var síðan kennd við þá og kölluð enska öldin (Björn Þorsteinsson 1970). Telja má að fiskbyrgin hafi verið hlaðin að frumkvæði og/eða eftir tillögum breskra sjómanna og kaupmanna. Því hefur þessi byggingartækni til að byrja með einskorðast við fiskbyrgin en seinna hefur hún smám saman verið nýtt til annarskonar mannvirkjagerðar og koma þá fram fjárborgirnar og seinna meir hlöður og smiðjur en á 19. öld þótti afar gott að hafa smiðjur borghlaðnar (Jónas Jónasson 1945:465-466).

8.2 Gerðir fjárborga

Eins og fram kom hér að framan nefna elstu heimildirnar fjárbyrgi en fjárborgir eru nefndar fyrst á 18. öld. Því verður nú leitast við að skýra í hverju þessi munur liggur og hvort þessi heiti vísi til mismunandi byggingarlags.

Segja má að hinar dæmigerðu fjárborgir á Suðurlandi séu kúpulmyndaðar. Slíkar fjárborgir sá Daniel Bruun á ferðum sínum um Suðurland skömmu fyrir aldamótin 1900 og gerði uppdrátt af (sjá mynd 62). Með ámóta byggingarlagi, þ.e. kúpulmyndaðar, eru tvær fjárborgir í Húsagarði í Holta- og Landsveit. Fjárborgirnar eru byggðar sunnanundir klettaás og eru í u.þ.b. 50 m fjarlægð frá hvor annarri. Árið 1986 lét Bygðasafnið í Skógum gera við borgirnar með styrk úr Húsafriðunarsjóði (Þór Magnússon 1986:184). Borgirnar eru í skrá yfir friðuð eða varðveitt útihús í Rangárvallasýslu og eru þær í umsjón Bygðasafnsins á Skógum (Hörður Ágústsson



Mynd 62. Teikningar Daniels Bruun af fjårborgum á suðurlandi (t.v.) og af grunni fjårborgar í Gnúpverjahreppi (t.h.) (Bruun 1897:65).

2000:352). Þegar höfundar skoðuðu umræddar fjårborgir þ. 26. nóvember 2009 mældist sú vestari um 7.5-7.7 m í þvermál (N-S) að utanmáli og um 2.8-3 m á hæð en sú austari um 7.7-8.5 m í þvermál (N-S) að utanmáli og um 3.5 m á hæð. Dyr voru á þeim báðum til S.

Að utan minna þessar fjårborgir á uppdrátt Bruuns en talsverður munur er á þeim og á fjårborginni í Hagaey. Fjårborgirnar í Húsagarði eru heldur stærri en sú í Hagaey. Þar að auki er fjårborgin í Hagaey með reglulegri einfaldri innri steinaröð úr meðalstóru hellugrjóti (hraunhellum) með hreinu torfþaki hlaðið á trégrind en fjårborgirnar í Húsagarði eru gerðar úr töluvert stærra grjóti, hleðslurnar óreglulegri og þakið gert úr blöndu af torfi og grjóti, þ.e.a.s. hlaðnar alla leið upp í topp eins og sýnt er á mynd 62 (Fig. 41).

Fyrstu lýsingu á byggingarlagi fjårborga er að finna í ferðabók Eggerts og Bjarna um Ísland árin 1752-1757. Þar lýsa þeir fjårborgum í Múla- og Skaftafellssýslum svo: „Fjårborgir kallast strýtulaga skýli, hlaðin úr torfi og grjóti. Eru þau kringlótt að lögun og dyr á þeim niðri við jörðu, svo lágar, að maður getur aðeins skriðið inn um þær, en í toppi borgarinnar er gat eða ljóri. ... Stærð borganna er mismunandi, en hæðin 4-6 álnir [2,5-3,8 m]“ (Eggert Ólafsson 1981:138). Í Ferðabók Sveins Pálssonar frá árunum 1791-1797 er að finna svipaða lýsingu en hann segir jafnframt frá því að Markús prófastur Magnússon, í Görðum á Álftanesi, hafi í seli látið hlaða fjårborgir úr grjóti. „Þetta eru eins konar fjárhús, kringlótt og keilulaga og hlaðin þannig saman, að engin spýta er í þeim. Hver þeirra rúmar um 50 fjár“ (Sveinn Pálsson 1945:34). Þessar



Mynd 63. Fjárborgirnar í Húsagarði í Holta- og Landsveit. (Ljós. BFE. Horft mót N).




Mynd 64. Vestari fjárborgin í Húsagarði í Holta- og Landsveit. (Ljós. BFE. Horft mót N).

lýsingar eiga vel við hinar toppmynduðu fjárborgir sem áður var lýst. Kallast þessi hleðslutækni borghleðsla en varla er hægt að lýsa fjárborgunum í Húsagarði betur.

Í riti Magnúsar Ketilssonar sýslumanns um sauðfjárhirðingu, sem áður var sagt frá, segir hann að mjög vandasamt sé að hlaða þessar fjárborgir og ráðlagði hann bændum frekar að hlaða fjárbyrgi. Segir Magnús að byrgin skuli hlaðin úr gjóti upp að miðju læri en torf eigi eingöngu nota að utanverðu. Byrgið skuli svo hlaðið í mannhæð en kragi af torfhnausum bæði utanmeð og við toppinn verði að hafa til þess að ekki fenni í byrgið. Svo skuli byrgið uppdregið sem hýtur að þýða að svo skuli klára þakið upp í topp. Magnús virðist þekkja fjárborgir, vísar í ferðabók Eggerts og Bjarna, og greinir þær frá því sem hann kallar fjárbyrgi (Magnús Ketilsson 1778:54-55). Samkvæmt greiningu Magnúsar væru fjárborgir með lokuðu þaki eins í Húsagarði hinar eiginlegu fjárborgir en Óttarstaðaborgin og fjárborgin á Nesi (sjá mynd 65) væru fjárbyrgi. Benda verður á að lýsing Magnúsar er ekki afdráttarlaus hvað varða þak þegar hann lýsir því hvernig byggja ætti fjárbyrgi.

Í tímaritinu *Fjallkonunni* er að finna margar innsendar greinar um búfjármál. Þar er m.a. á einum stað fjallað um heyskort árið 1898 en þar er einnig sagt frá fjárborgum: „[F]járborgir voru fyrrum toppmynduð hús með þaki, enn fjárbyrgin váru þaklaus“ (Búmaður 1898:33). Nokkrum árum síðar er að finna grein í *Þjóðviljanum* þar sem fram kemur þessi sami munur (*Þjóðviljinn* 1901:44). Munurinn virðist því liggja í því að fjárborgir eru með lokuðu eða næstum lokuðu þaki en fjárbyrgin opnari að ofan. Þessi munur kemur fyrst fram á 18. öld hjá Magnúsi Ketilssyni en þó getur verið að munurinn á fjárborg og fjárbyrgi hafi verið minni en hann varð á seinni hluta



Mynd 65. Fjárborg á Nesi. í Selvogi í Ölfusi. Hlaðin eingöngu úr grjóti og þaklaus (Bruun 1899:13).

19. aldar þegar skiptingin varð ákveðnari í þá veru að fjárborgir voru með þaki en fjárbyrgi án.

Fjárbyrgi eru þó ekki aðeins öðruvísi að gerð heldur en borgirnar því svo virðist sem á seinni tímum hafi „fjárbyrgi“ verið notað sem samheiti fyrir hverskyns skjól fyrir fé. Sem dæmi má nefna að í bréfi Einars Einarsen, prófasts í Stafholti, til Sigurðar málara Guðmundssonar viðvíkjandi fjárhúsum á Þingvöllum segir: „Þegar jeg kom að Þingvöllum 1822, voru þar eingi fjárhús, enn slæmr skúti austr í hrauni hafði leingi áður verið hagnýttir fyrir fjárbyrgi“ (Matthías Þórðarson 1922:100). Fjárbyrgi virðist því hér ekki vísa til neins ákveðins byggingarstíls heldur aðeins á einhverskonar skjól fyrir sauðfé. Í þessu sambandi má benda á að á Vestfjörðum hafa samskonar mannvirki og fjárbyrgin, opin að ofan, verið kölluð hlöð (*Sóknalýsingar Vestfjarða* 1952:108).

Sami fjölbreytileiki á þó einnig við um fjárborgir að vissu leyti því á Norðausturlandi þekkjast einnig fjárborgir en þær eru þó af allt öðrum toga. Í



Mynd 66. Náttúrulegur hellisskúti notaður sem fjárskýli. Grjóthleðslur við munnann (Ljósm. BFE. Tekið úr *Fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar* Hafnafj. 32:1).

ferðasögu Ólafs Ólaviusar segir að í Þingeyjarsýslu séu á næstum hverjum bæ, skammt frá sjónum, fjárborgir. Borgirnar eru gerðar úr rekavið sem stungið er upp á rönd og þakið sett flatt yfir með torfuskæklum (Ólafur Ólavius 1965:71). Á Langaneströndum og á Sléttu haldast þessar borgir fram undir lok 19. aldar eftir því sem Þorvaldur Thoroddsen greinir frá (Þorvaldur Thorodssen 1919:179). Ennfremur kemur fram í sýslu- og sóknalýsingum Presthólasóknar að þessar fjárborgir séu með rimluðum trébotni og holrými til aukins hreinlætis (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1994:240).

Þessa sömu skiptingu á milli suður og norðausturlands má finna í svörum við spurningum Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafnsins nr. 33 viðvirkjandi sauðfé þar sem m.a. spurt var um fjárborgir og fjárbyrgi. Þar greina flestir heimildarmenn á suðurlandi frá borghlöðnum fjárborgum, bæði með þaki og án, ætluðum til hagabeitar á vetrum en heimildarmenn frá norðausturlandi greina frá ferköntuðum fjárborgum, gjarnan úr rekavið, ætluðum til sjávarbeitar (Þ.Þ. nr. 4268, 4121 og 3964).

Með nokkurri einföldun má því segja að á 18. öld komi fyrst fram sá merkingarlegi munur á fjárborg og fjárbyrgi að það fyrrnefnda sé með lokuðu eða næstum lokuðu þaki en hið síðarnefnda sé meira opið eins og áður hefur komið fram. Það er þó með öllu óvíst hvort fjárbyrgi þau sem greint er frá í elstu heimildunum, þ.e. frá miðri 16. öld, hafi vísað til fjárborga eða fjárbyrgja þar sem ekki er víst að þessi mismunandi heiti vísi til mismunandi byggingarlags fyrr en komið er fram á 18. öld. Aðeins frekari fornleifarannsóknir munu skera úr um það.

Mögulega hefur heitið fjárborg verið notað helst til frjáltslega en á uppdrætti Daniels Bruuns af fjárborgum á Suðurlandi er einnig nátthagi (sjá mynd 62) og þó svo að Bruun hafi lýst fjárborgum sem kúpulmynduðum kallar hann einnig þaklausa byrgi á Nesi fjárborg (sjá mynd 65). Það má því segja að þó svo að í grunninn sé ákveðinn munur á fjárborgum og fjárbyrgjum, þ.e. með þaki eða án, hefur verið tilhneiging til að kalla öll þessi mannvirki fjárborgir.

Líklega má þó telja að þessi mannvirki séu skyld, upprunin frá fiskbyrgjum, en eftir því sem fram liðu stundir komu fram mismunandi byggingarlög eftir landshlutum sem voru ýmist kölluð fjárborgir eða fjárbyrgi, jafnvel hlöð. Samkvæmt þröngri skilgreiningu ætti því aðeins að nota heitið fjárborg um kringlóttu, yfirbyggðu borgirnar eins og fjárborgirnar í Húsagarði en fjárbyrgi yfir mannvirkin sem ekki eru

með þaki heldur opin að ofan. Það virðist þó sem svo að almenn málvenja hafi fyrir löngu blandað þessu tvennu saman og slegið saman fjárborgum og fjárbyrgjum. Segja má því að heitið fjárborg vísi aðeins til hringlaga mannvirkis, bæði með þaki og án, en ekki endilega til þakgerðarinnar. Þetta gildir einnig um timburhúsin á NA-landi sem eru sér kapituli út af fyrir sig. Þau hafa þjónað sama hlutverki og þau sem voru annarsstaðar, en af ólíkri gerð þegar kemur að efnisvali og þakgerð. Ógerningur virðist að skilja algerlega að fjárborgir og fjárbyrgi því bæði hafa þau þjónað sama tilgangi, byggja á sömu tækni og eiga sameiginlegum uppruna.

Í framhaldinu er þó forvitnilegt að bera fjárborgina í Hagaey saman við önnur þekkt fjárbyrgi og fjárborgir. Í töflu 9 hefur verið reynt að áætla þann fjölda sauða sem þau hafa getað hýst. Útreikningarnir byggjast á riti Magnúsar Ketilssonar um sauðfjárhirðingu. Þar segir Magnús að hanna eigi byrgið þannig að gert sé ráð fyrir

Staður	Þvermál	Fjöldi sauða	Heimild
Papey	5.2 m	11	Kristján Eldjárn 1989
Efri-Brú	4.5 m	10	Birna Lárusdóttir 2005
Miðengi	5 m	11	Birna Lárusdóttir 2005
Kringla	7.2 m	16	Brynjúlfrur Jónsson 1906
Hagaey	3.7 m	8	
Minni-Núpur ⁴	3.5 m	8	Daniel Bruun 1897
Innri Njarðvík	9 m	20	Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir 2008b
Keflavík	7 m	16	Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir 2008b
Hólmsborg	7 m	16	Bjarni F. Einarsson 1995
Húsagarður	7 m	16	Eigin mælingar þ. 26/11 2009
Kaldársel	4.3 m	10	Daniel Bruun 1899
Nes	9.4 m	21	Daniel Bruun 1899
Lundur	3.6 m	8	Voionmaa 1943
Þorbjarnarstaðir	7.8 m	17	Fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar nr. 302:1

Tafla 9. Yfirlit yfir stærð ýmissa fjárborga og fjárbyrgja og samanburður við fjárborgina í Hagaey. Útreikningar á fjölda sauða miðast við upplýsingar Magnúsar Ketilssonar. Miðað er við innanmál mannvirkjanna.

tveimur álnum á hvern sauð sem leggja skuli saman og skipta niður í ferkantaðan flokk. Þar með fæst líkan sem er á þá leið að fyrir 20 sauði fáið ferkantað líkan þar sem hver hlið er 10 álna löng (Magnús Ketilsson 1778:57-58). Í töflu 9 er miðað við hina dönsku lögalin (62.77 sm) sem leidd var í lög árið 1776 (Björn M. Ólsen 1919:27). Það verður þó að setja þann fyrirvara við þessa útreikninga að ákveðin skekkja er í reikningum Magnúsar þar sem hann útbýr ferningslaga sniðmát fyrir hringlaga hús. Eftir því sem húsið verður stærra þeim mun meiri verður skekkjan og því ljóst að borgirnar og byrgin hafa e.t.v. rúmað fleira sauðfé heldur en Magnús gerir ráð fyrir.

Þegar útkoman er skoðuð kemur í ljós að fjárborgin í Hagaey er í neðri mörkunum hvað varðar stærð auk þess sem engin borganna eða byrgjanna ná þeirri tölu sem Eggert og Bjarni sögðu frá í ferðasögu sinni eða 50 fjár. Það getur þó stafað af áðurnefndri skekkju í reikningunum auk þess sem Magnús gerir ráð fyrir tölu sauða en þeir eru rúmfrekastir alls fjár, eins og Kristján Eldjárn hefur bent á (Kristján Eldjárn 1949:38). Því mætti hugsa sér að heildartala fjár hafi verið eitthvað stærri. Taflan gæti þó verið vísbending um að fjárborgirnar hafi verið eitthvað minni en fjárbyrgin því stærri borgirnar í töflu 9 geta flestar talist til opinna fjárbyrgja enda er hægara að hlaða stærra mannvirki ef ekkert þak er á því.

Þar sem rústin í Hagaey er fyrsta fjárborgin eða borghlaðna mannvirkið sem rannsakað er til hlítar varpar það nýju ljósi á sögu þeirra. Mögulega hefst saga borghlaðinna mannvirkja á 13. öld en líklega berst tæknin hingað til lands með breskum sjómönnum. Í fyrstu eru eingöngu fiskbyrgi hlaðin með þessari tækni en þegar komið er fram á 16. eða 17. öld er farið að beita henni til að hlaða hús með önnur hlutverk, s.s. fyrir sauðfé. Smám saman koma fram tvær mismunandi tegundir, með þaki og án, og þegar komið er fram á 18. öldina verður til sú venja sumsstaðar að kalla þær með þaki fjárborgir en þær þaklausu fjárbyrgi. Á 19. öldinni er svo komið að borghleðslan er einnig notuð til annarra mannvirkjagerða, s.s. fyrir smiðjur og hlöður og þá fer einnig að ruglast saman munurinn á fjárborgum og fjárbyrgjum og eru þau nú á tímum samheiti yfir hringlaga mannvirki fyrir sauðfé, ýmist úr grjóti eða blöndu af torfi og grjóti, og vísa ekki lengur til þess munar sem trúlega var upphaflega lagður þeim til grundvallar.

Fjárborgin í Hagaey var í notkun á 18. öld en var hugsanlega byggt seint á þeirri

17. Mannvirkið byggir á sömu tækni og aðrar þekktar fjárborgir og fjárbyrgi, þ.e. á borghleðslunni, en þakið hefur verið borið uppi af trégrind sem hvíldi á veggjunum. Hvort fjárborgin í Hagaey hafi verið „dæmigerð“ fjárborg í sínum landshluta munu aðeins frekari rannsóknir skera úr um. Með fleiri rannsóknum mun þó vafalaust fást skýrari mynd af sögu þessara mannvirkja, hvenær þau koma fyrst fram og hvernig þau hafa verið notuð.


Fullnaðarannsókn á fjárborginni í Hagaey er þó ekki einungis merkileg fyrir að vera fyrsta rannsóknin þar sem slíkt mannvirki er rannsakað til hlítar heldur varpar rannsóknin einnig ljósi á beitarnýtingu í Hagaey í gegnum tíðina. Í máldögum Hólakirkju í Hrunamannahreppi frá 14.-16. öld kemur fram að kirkjan eigi hrútahöfn í eyinni frá vetrarnóttum til hrútmáls (*Íslenzkt fornbréfasafn* 1897: 45 og 617; 1947:653). Hagaey hefur því í fyrstu verið notuð til vetrararbeitar fyrir hrúta frá lokum október fram á Þorláksmessu eða áttadag en þá var vanalega hleypt til (Þorvaldur Throddssen 1919:320). Þetta fyrirkomulag hefur haldist þangað til fjárborgin var reist síðla á 17. öld eða á þeirri 18. Hugsanlega hefur þá fénu verið ætluð lengri veturseta í eyinni og borgin því byggð til skjóls fyrir verstu veðrunum, en einnig gæti kólnandi veðurfari verið um að kenna. Miðað við útreikninga Magnúsar Ketilssonar sem kynntir voru hér að framan má telja að átta sauðir hafi verið í eyinni. Fyrirkomulag beitarinnar í Hagaey hefur væntanlega haldist í svipuðum skorðum, u.þ.b. þangað til beitarhús (rúst 52:1) var byggt í eyinni á 20. öld. Eftir að beitarhúsið var byggt hefur beitarálag í eyinni aukist til muna en samkvæmt lögbundinni fjárhúsastærð hefur beitarhúsið rúmað um 30-40 fjár (Magnús Ketilsson 1778:59-60). Það má telja víst að beitarhúsið hafi reynt meira á þolmörk beitolandsins í eyinni, en hey í hlöðu hefur þó létt á álaginu að einhverju leyti. Það beitarhús ber einnig ljósan vott um þá breytingu sem varð á búskaparháttum á 19. og 20. öldinni þegar uppblásturinn lék bændur grátt beggja megin Þjórsár og beitoland á afréttum minnkaði. Þá varð nauðsynlegt að nýta hverja þá landspildu sem völ var á og Hagaey varð ekki útundan í þeirri þróun.

9 ÞJÓTANDI VIÐ ÞJÓRSÁ

Eins og áður hefur komið fram héldu rannsóknir áfram í landi Þjótanda í Villingaholtshreppi. Rannsóknirnar nú beindust að því að kanna umfang og aldur húss 4:14 sem fannst undir lok uppgráftartímabilsins árið 2008.


9.1 Hús 4:14. Prufuholurannsókn

Hús 4:14 liggur undir rúst 4:10a við Þjótanda. Rústin fannst þegar grafnir voru tveir prufuskurðir eftir að mannvistarlög höfðu komið í ljós í öryggisholu árið 2008. Annar skurðurinn var 0.5 m á breidd og 4.95 m á lengd og lá hann í N-S. Hinn prufuskurðurinn var 0.5 m á breidd og 5.85 m á lengd og lá hann í A-V. Skurðirnir lágu því í kross eins og mynd 67 sýnir.



Mynd 67. Prufuskurður í hús 4:14 frá 2008 (Frumt. ÁG, SSE. Hreint. SEE).

Nyrst í prufuskurðinum sem lá N-S kom í ljós hluti af líklegu eldstæði sem minnti mjög á langeld sem aðeins finnst í skálum frá víkingaöld og snemma á miðöldum. Talið var að umrædd rúst væri annaðhvort samtíða rústum 4:11a-c eða samtíða rúst 4:10b2 og 4:10c2. Rústir 4:11a-c voru aldursgreindar með gjóskulögum og C-14 til 1020-1040 e. Kr. Nokkur óvissa var með aldursgreiningu rústar 4:11b2 en greining á gjóskulagi sem lá yfir rústinni leiddi í ljós að gjóskulagið hefur mögulega verið Landnámslagið (871±2 e. Kr). Þar sem lagið lá fyrir ofan rústina hefur hún annaðhvort verið fallin í eyði áður en gjóskulagið féll eða að gjóskan hafi verið í þaki hússins. Sá varnagli var þó sleginn við gjóskugreininguna að hún biði enn frekari



Mynd 68. Afstaða prufuskurðanna árið 2009 miðað við hús 4:10. Á myndina hefur einnig verið bætt prufuskurðinum frá 2008. Lengd prufuskurðar 3 til suðurs er áætluð (Frumt. ÁG, KM, SSE. Hreint. SSE. Viðbætur: SEC).

greiningar og því ekki loku fyrir það skotið að gjóskan tilheyri yngra gosi (Bjarni F. Einarsson & Sandra Sif Einarsdóttir 2009:62-71). Úr því hefur enn ekki verið skorið.

Markmið rannsókna sumarsins 2009 var að kanna umfang húss 4:14 og reyna að grennslast frekar fyrir um aldur þess. Í því skyni voru þrír profuskurðir grafnir á völdum stöðum til að kanna útbreiðslu hússins. Sá fyrsti var grafinn þvert á norðurgafl rústar 4:10a rétt norðan við A-V skurðinn frá 2008. Profuskurðurinn var einn metri á breidd og níu metrar á lengd og sneri í A-V. Hinir profuskurðirnir sneru báðir í N-S og var annar þeirra grafinn í framhaldi af suðurenda profuskurðarins frá 2008. Mældist hann einn metri á breidd og þrír metrar á lengd. Þriðji og seinasti profuskurðurinn var hálfur metri á breidd og grafinn í gegnum suðurgaflinn á húsi 4:10a. Norðurhluti profuskurðarins var breikkaður á rúmlega tveggja metra kafla og varð hann þá einn metri á breidd. Plan allra profuskurðanna var teiknað í mælikvarðanum 1:20 og þar að auki var þversnið profuskurðar 1 mót N teiknað í mælikvarðanum 1:20 (Sjá Rannsóknaskrá Árnassýslu og myndir 68, 70 og 90-93). Í lok rannsókna var öryggishola grafin þar sem talið var að NV-hornið á húsi 4:14 hafi verið. Í öryggisholunni fannst brýni en holan hefur líklega verið rétt fyrir utan NV-horn húss 4:14.

Austarlega í profuskurði 1 var komið niður á vegg sem var eingöngu úr torfi. Breidd veggjarins var um 1.10 m. Í profuskurði 1 fundust einnig mannvistarlög og viðarkolalög auk grjóthleðslna sem hugsanlega eru leifar af innri skipan hússins, milli rýma eða skipa. Tekin voru tvö viðarkolasýni úr profuskurði 1. Annað þeirra lá í viðarkolalagi á milli grjóthleðslnanna en hitt lá nokkuð vestar. Í sniði profuskurðarins mátti glögglega sjá að torfveggurinn hefur verið hlaðinn úr þverstreng en einnig mátti greina hvernig veggurinn í húsi 4:10c2 hefur verið hlaðin ofan á þann vegg. Torfhleðslutæknin minnti mjög á þá sem notuð hafði verið í húsum 4:11a-c.

Í profuskurði 2 var komið niður á mannvistarlag sem mögulega tilheyrir miðskipi hússins. Í profuskurðinum fannst einnig grjóthleðsla sem gæti verið leifar af innri skipan hússins líkt og í profuskurði 1. Í profuskurði 3 var komið niður á torfvegg líkan þeim sem fundist hafði í profuskurði 1. Veggurinn virtist liggja þvert á profuskurðinn eða í A-V. Ef sú túlkun reynist rétt þá mun veggurinn líklega vera suðurgaflinn á húsinu. Í torfveggnum var einnig grjóthleðsla sem gekk frá veggnum í N sem getur mögulega verið hluti af innri skipingu hússins.




Mynd 69. Þversnið prufuskurðar 1 (A-V). Á myndina hefur verið bætt túlkun höfunda á veggjum húss 4:14 og 4:10c2 sem talið er að hafi verið byggt ofan á eldra húsið (Ljósm. BFE. Horft mót N. Stafrænar ljósm. Árness. nr. 32. Viðbætur: SEC/Fornleifafræðistofan).

9.2 Aldur og nánari túlkun á húsi 4:14

Tvö viðarkolasýni voru tekin úr prufuskurði 1 og var annað þeirra sent í C-14 kolefnisgreiningu. Niðurstaða þeirrar greiningar miðað við tveggja sigma staðalfrávik var sú að sýnið reyndist vera frá árabílinu 1010-1170 e. Kr. Þegar þessi niðurstaða er borin saman við aldur á öðrum húsum á Þjótanda má leiða að því líkum að hús 4:14 hafi verið nær samtíða húsum 4:11a-c og jafnvel húsum 4:10e og 4:10b2 en þau tvö áðurtöldu gætu þó verið eldri skv. landnámslaginu sem virðist liggja yfir þeim (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir 2009:66-71).

Ekki verður, svo öruggt sé, hægt að áætla til um lengd og breidd hússins en þegar öllum prufuskurðunum hefur verið skeytt saman fást þó ákveðnar vísbendingar. Á mynd 68 og 70 má sjá að hús 4:14 hefur varla verið minna en 14 m að utanmáli og breidd þess hefur varla verið minni en fimm metrar. Sé hús 4:10c2 hluti af húsi þessu er lengdin um 18 m. Ekki er þó hægt að útiloka að húsin séu tvö. Veggirnir hafa verið úr hreinu torfi og bendir það óneytanlega til hás aldurs en flest af elstu húsum sem rannsökuð hafa verið á Íslandi hafa veggi sem nánast eingöngu eru úr torfi (Bjarni F.




Mynd 70. Myndin sýnir flatarteikningar allra prufuskurðanna sem settir hafa verið ofan á flatarteikningu rústar 4:10a-e (Frumt. ÁG, KM, SSE. Hreint. SSE. Viðbætur: SEC).

Einarsson 1994:111). Grjót hefur þó verið í rústinni innanverðri, hugsanlega sem hluti af innri skipan hennar. Mannvistarlög fundust í öllum prufuskurðunum og í prufuskurði 1, í mannvistarlagi inni í húsinu, fannst brot af brenndri perlu. Í prufuskurði 1 fundust einnig viðarkolalög en allt þetta bendir til þess að eldur hafi brunnið í húsinu og því hefur hús 4:14 líklega verið mannabústaður. Fullnaðarrannsókn á húsi 4:14 mun þó skera endanlega úr um stærð þess og hlutverk. Einnig er brýnt að fá aldur húsa 4:10b2, 4:10c2 og 4:10e:II á hreint og afstöðu þeirra til húss 4:14, en svo virðist sem hús 4:14 sé yngra en sum þeirra. Niðurstöður rannsókna á húsi 4:14 munu líklega hafa töluverð áhrif á túlkun húna 4:11a-c.


10 TEIKNINGAR

10.1 Teikningar á rústum í Rangárvallasýslu


10.1.1 Rústir 2:1-9




Mynd 71. Yfirborðsteikning af rúst 2:1 (Frumt. BB, SSE. Hreint. SEC).




Mynd 72. Yfirborðsteikning af rúst 2:2 (Frumt. BB, SSE. Hreint. SEC).




Mynd 73. Yfirborðsteikning af rúst 2:3 (Frumt. GM. Hreint. SEC).




Mynd 74. Yfirborðsteikning af rúst 2:4 (Frumt. GM. Hreint. SEC).




Mynd 75. Yfirborðsteikning af rúst 2:5 (Frumt. IHV. Hreint. SEC).




Mynd 76. Yfirborðsteikning af rúst 2:6 (Frumt. BB,SSE. Hreint. SEC).



Mynd 77. Yfirborðsteikning af rúst 2:7 (Frumt.SSE. Hreint. SEC).




Mýnd 78. Yfirborðsteikning af rúst 2:8 (Frumt.IHV. Hreint. SEC).




Mynd 79. Yfirborðsteikning af rúst 2:9 (Frumt. BB. Hreint. SEC).

10.1.2 Rúst 8:I




Mynd 80. Yfirborðsteikning af rúst 8:I (Frumt.GM, IHV. Hreint. SEC).



Mynd 81. Prufuskurður í rúst 8:I, þversnið mót SA (Frumt.GM, IHV. Hreint. SEC).


10.1.3 Rúst 10:1



Mynd 82. Yfirborðsteikning af rúst 10:1 (Frumt. ÁG. Hreint. SEC).


Skarð - rúst 10:1, þversnið, horft mót NNV
Holta- og Landsveit, Rangárvallasýsla

Eigið kerfi og hæðir
Frumt. ÁG, SSE - 2009
Hreint. SEC - 2009




- | | |
|---|--|
| 1. Græsrot | 11. Grátt gjóskulag blandað áfoki (sýni 3) |
| 2. Yngri veggur, torf og m-lög | 12. Torf |
| 3. Eldri torfveggur (sýni 2) | 13. Ljóst m-lag |
| 4. Ljóst m-lag með áfoki (sýni 1) | 14. Ljós gjóska |
| 5. M-lag með ljósum og gráum lögum á víxl | 15. Dökk gjóska |
| 6. Áfok með torfi | 16. Bleikt m-lag |
| 7. Dökkt, gjóskuskotið, sendið lag | 17. Blanda af grárri gjósku og áfoki |
| 8. Áfok með torflinsum | 18. Grá gjóska, blönduð áfoki |
| 9. Svipað og lag nr: 8 en sendhara | 19. Ljóst m-lag |
| 10. Áfok og mold | 20. Ljóst m-lag með áfoki |

10.1.4 Rúst 13:I




Mynd 84. Yfirborðsteikning af rúst 13:I (Frumt.BB, SSE. Hreint. SEC).


10.1.5 Rúst 15:1



Mynd 85. Rúst 15:1, prufuholur á Karlsnesi I (Frumt. ÁG. Hreint. SEC).




Mynd 86. Rúst 15:1, prufuholur á Karlsnesi 2 (Frumt.ÁG. Hreint. SEC).




Mynd 87. Rúst 15: I, prufuhola A, plan I (Frumt. ÁG. Hreint. SEC).

10.1.6 Rúst 17.1



Mynd 88. Yfirborðsteikning af rúst 17:1 (Frumt. BB, SSE. Hreint. SEC).

10.1.7 Rúst 19.1




Mynd 89. Yfirborðsteikning af rúst 19:1 (Frumt. BB, SSE. Hreint. SEC).

10.2 Teikningar á rústum í Árnessýslu




Mynd 90. Flatarteikning þrufuskurðar I í hús 4:14 (Frumt. SSE, Hreint. SEC).


1. Torfveggur
2. Áfok, blandað gjósku, sandi og humus.
3. Áfok, svipað og 2. Einsleitara austast. Líklega blandað gölfögum vestast.
4. Grátt sendið lag.
5. Grábrúnt sendið lag.
6. Torfhrun
7. Ljósgrá sandlinsa.
8. Grár sandur, blandaður lagi 2.




Mynd 91. Þversnið þrúfufurðar I í hús 4:14. Horft mót N (Frumt. SSE. Hreint. SEC).




Mynd 92. Prufuskurður 2, plan I (Frumt. SSE. Hreint. SEC).




Mynd 93. Prufuskurður 3, plan I (Frumt.SSE. Hreint. SEC).




Mynd 94. Yfirborðsteikning af rúst 45:1 (Frumt. GM, Hreint. SEC).



Mynd 96. Prufuskurður í rúst 45:I, plan I (Frumt. BB. Hreint. SEC).



10.2.2 Rúst 48:I



Mynd 97. Yfirborðsteikning af rúst 48:I (Frumt. ÁG, IHV. Hreint. SEC).


Fossnes - rúst 48: I, þversnið mót N.

Gnúpverjahreppur, Árnessýsla

Eigið kerfi og hæðir

Frumt. ÁG, BB, GM - 2009

Hreint. SEC - 2009



1. Grasrót.
2. Svört gjóska, slitrótt (sýni C).
3. Torfveggur.
4. Áfokslag með torfslettum.
5. Sendið áfokslag.
6. Mjög sendið áfokslag.
7. M-lag, rauðleitt og torfskotið (sýni A).
8. Áfokslag, blandað sandi, gjósku og lífrænum leifum. Vantsborið á köflum, sérstaklega því sem neðar dregur; ofarlega er lagið ljósara, sendnara og léttara.
9. Vantsborið dökkt lag með ljósum vikri í, sama og 10
10. Sama og 9.
11. Dökkgrátt gjóskulag, hugsanlega sama og 13.
- * Sýni tekið


12. Dökkgrátt gjóskulag, blandað sandi og smásteinum. Hugsanlega vantsborin. Sama og 14.
13. Dökkleitt gjóskuslykja, sama og 11.
14. Sama gjóska og 12 (sýni D).
15. Þunn svört gjóska. Hugsanlega sama og 2.
16. Svipar til 15 (sýni B).
17. Þunn grásvört gjóska. Hugsanlega sama og 21.
18. Dökkgrátt gjóskulag, þunnt. Hugsanlega sama og 12 og 14. ekki með smásteinum eða vantsborin.
19. Afar þunn og grásprengr gjóskusletta. Hugsanlega sama og 20.
20. Afar þunn og grásprengr gjóskusletta. Hugsanlega sama og 19.
21. Svartskotin gjóskusletta, snertir 12 eða leggst þétt að henni. Þó ekki lík gjóskulögum 12, 14 og 18 og líklega ekki sú sama. Væntanlega sama gjóska og 17 (sýni E).




Fossnes - rúst 48. I, planteikning I
 Gnúpverjahreppur, Árnessýsla
 Eigið kerfi og hæðir
 Frumt. ÁG, IHV - 2009
 Hreint. SEC - 2009




Veggjarbreidd áætluð út frá sniðteikningu



Mynd 99. Prufuskurður í rúst 48. I, plan I (Frumt. ÁG, IHV, Hreint. SEC).




Mynd 100. Prufuskurður í rúst 48: I, plan 2 (Frumt. ÁG, II-V, Hreint. SEC).



Mynd 101. Prufuskurður í rúst 48: I, neðri veggjarlína (Frumt. ÁG, IHV. Hreint. SEC).

10.2.3 Rúst 51:1




Mynd 102. Yfirborðsteikning af rúst 51:1 (Frumt. GM, IHV. Hreint. SEC).


Hagaey - rúst 51:1, þversnið mót V
Gnúpverjahreppur, Árnessýsla

Eigið kerfi og hæðir


Frumt. IHV - 2009

Hreint. SEC - 2009






Mynd 104. Þrúfuskurður í rúst 51:1, plan I (Frumt. IHV. Hreint. SEC).




Hagaey - rúst 5 I: I, planteikning I
Gnúpverjahreppur, Árnessýsla
Eigið kerfi og hæðir
Frumt. BB - 2009
Hreint. SEC - 2009

Mynd 105. Rúst 5 I: I, plan I (Frumt. BB. Hreint. SEC).


Mynd 106. Rúst 5 I: I, plan 2 (Frumt. SEC. Hreint. SEC).




10.2.4 Rúst 52:I




Mynd 107. Yfirborðsteikning af rúst 52:I (Frumt. ÁG, GM. Hreint. SEC).



Mynd 109. Yfirborðslína 2 í rúst 52:1 (Frumt. ÁG, GM, Hreint. SEC).





Mynd 110. Þversnið þrúfuskurðar 1 í hús 4:14. Horft mót N (Frumt. SSE, Hreint. SEC).

II HEIMILDIR

II.1 Prentaðar heimildir og heimildir af veraldarvefnum

- Birna Lárusdóttir (2005). *Hiti er á við hálfa gjöf. Fjárhús, beitarhús og fjárborgir á Íslandi*. Ritgerð til M.A.-prófs í fornleifafræði. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Bjarni F. Einarsson (1994). *The Settlement of Iceland; A Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. GOTARC Series B. Gothenburg Archaeological Theses. No 4. Gothenburg: Gothenburg University. Department of Archaeology.
- Bjarni F. Einarsson (1995). *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Skýrslur Árbæjarsafns XLVI Reykjavík: Árbæjarsafn.
- Bjarni F. Einarsson (1998). „Vikingaaldarbylið Hólmur í Laxárdal.“ *Skaftfellingur. Þættir úr Asutur Skaftafellssýslu*. 12:9-55.
- Bjarni F. Einarsson (1999). *Gamla-Sel. Prufuholugröftur að Gamla Seli í Landssveit*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson (2001). *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfis-áhrifum Núpsvirkjunnar*. Með viðaukum. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson (2004). „Gamla-Sel og nokkrar fornar minjar við Skarðsfjall í Landsveit.“ *Goðasteinn 2004*, bls. 72-102.
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir (2008a). *Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir sumarið 2007*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir (2008b). *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir (2009). *Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2008*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Björn Lárusson (1967). *The old Icelandic land registers*. Lund: Gleerup.
- Björn M. Ólsen (1981). „Um hina fornu íslensku alin.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1910:1-27.
- Bruun, Daniel (1897). *Fortidsminder og nutidshjem på Island: Orienterende undersøgelser foretagne i 1896*. Kaupmannahöfn: Nordiske forlag.
- Björn Þorsteinsson (1970). *Enska öldin í sögu Íslendinga*. Reykjavík: Mál og Menning.

- Brynjúlfur Jónsson (1885). „Um Þjórsárdal.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1884-1885:38-60.
- Brynjúlfur Jónsson (1898). „Skrá yfir eyðibýli í Landsveit, Rangárvallasýslu og Holtasveit í Rangárvallasýslu.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1898:1-27.
- Brynjúlfur Jónsson (1906). „Rannsókn í Árneshöfði sumarið 1904.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1905:1-51.
- Bruun, Daniel (1897). *Fortidsminder og nutidshjem paa Island: Orienterende Undersogelser foretagne i 1896*. Kobenhavn: Nordiske Forlag.
- Bruun, Daniel (1903). „Nokkrar dysjar frá heiðni.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1903:17-28.
- Bruun, Daniel (1899). „Arkæologiske undersogelser paa Island. Foretagne i sommeren 1898.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1899. Fylgirit.
- Bryndís Róbertsdóttir (1999). *Rústir Skarðssels í Bæjarnesi í Landsveit: aldur út frá gjóskulögum*. Óútgefin skýrsla.
- Búalög (1915). Um verðlag og allskonar venjur í viðskiptum og búskap á Íslandi. 2. hefti. Reykjavík: Sögufélag.
- Búmaður (1898). „Heyskortr.“ *Fjallkonan* 15(9):33.
- Coles, John (1964). *Íslandsferð*. Gísli Ólafsson (þýð.). Reykjavík: Bókaútgáfan Hildur.
- Eggert Ólafsson (1981). *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálsson um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Einar Laxness (1995). *Íslandssaga*. I. bindi a-h. Reykjavík: Vaka Helgafell.
- Frásögur um fornaldarleifar* (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Friðrik. G. Olgeirsson (2007). *Sáðmenn sandanna. Saga landgræðslu á Íslandi 1907-2007*. Hella: Landgræðsla ríkisins.
- Fornleifaskrá* (1990). *Skrá um friðlýstar fornleifar*. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- G. Torfason (1869). Auglýsing á jörðinni Skarðssel. *Þjóðólfur* 21(40-41):163.
- Haraldur Matthíasson (1982). *Landið og Landnáma*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn & Örlygur.

- Hrönn Konráðsdóttir (2008). *Skordýragreining á sýnum úr uppgreftinum á Þjótanda*. Óútgefin skýrsla.
- Hrönn Konráðsdóttir (2009). *Skordýragreining á sýnum úr uppgreftinum á Þjótanda* 2. Óútgefin skýrsla.
- Hrönn Konráðsdóttir (2010). *Skordýragreining á sýni úr gólfi fjárborgar í Hagey, Þjórásá*. Óútgefin skýrsla.
- Hörður Ágústsson (1960). „Íslensk byggingarlist VIII. “ *Birtingur* 6(3):1-40.
- Hörður Ágústsson (2000). *Íslensk byggingararfleið II. Varðveisluannáll 1863-1990*. Verndunaróskir. Reykjavík: Húsafríðunarnefnd.
- Íslenzk fornrit I* (1968). I. bindi. Íslendingabók, Landnámabók. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Íslenzkt fornbréfasafn* (1857-1876). I. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenzkt fornbréfasafn* (1888). II. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenzkt fornbréfasafn* (1897). IV. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenzkt fornbréfasafn* (1900-1904). VI. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenzkt fornbréfasafn* (1911). X. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenzkt fornbréfasafn* (1923). XII. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenzkt fornbréfasafn* (1947). XV. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* (1913-1917). I. bindi. Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* (1918-1921). II. bindi. Árnessýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* (1931-1933). V. bindi. Hnappadals- og Snæfellsnessýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* (1938). VI. bindi. Dala- og

- Barðastrandasýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.
- Jarðatal á Íslandi* (1847). Með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum u sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn: J. Johnsen.
- Jónas Jónasson (1885). „Sandeyðingin í Rangárvallasýslu.“ *Ísafold* 36:143-144.
- Jónas Jónasson, frá Hrafnagili (1945). *Íslenzkir þjóðhættir*. 2. útgáfa. Reykjavík: Jónas og Halldór Rafnar.
- Kålund, P.E. Kristian (1985). *Íslenzkir Sögustaðir*. I. bindi. Sunnlendinga fjórðungur. Ísl. þýð. Haraldur Matthíasson. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn & Örlygur.
- Kristján Eldjárn (1949). „Eyðibýggð á Hrunamannafrétti.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943-1948*:1-43.
- Kristján Eldjárn (1951). „Tvennar bæjarrústir frá seinni öldum. Viðauki eftir Sigurð Þórarinsson.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1949-1950*:102-119.
- Kristján Eldjárn (1956). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.
- Kristján Eldjárn (1989). „Papey. Fornleifarannsóknir 1967-1981. Guðrún Sveinbjarnardóttir bjó til prentunar og samdi viðauka.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1988*:35-188.
- Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. 2. útgáfa. Reykjavík: Mál & Menning.
- Lúðvík Kristjánsson (1985). *Íslenskir sjávarhættir*. IV. bindi. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Magnús Ketilsson (1778). *Underviisun umm þá Íslendsku savdfjár-Hirding*. Hrappsey.
- Manntal á Íslandi árið 1703* (1924-1947). Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Manntal á Íslandi 1816* (1951-1953). II-III. hefti. Reykjavík: Ættfræðingafélagið.
- Manntal á Íslandi 1845* (1982). Suðuramt. Reykjavík: Ættfræðifélagið.
- Matthías Þórðarson (1922). „Fornleifar á Þingvelli (með 4 fylgiskjöllum, búðaskrá og 2 uppdráttum).“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1921-1922*:1-107.
- Matthías Þórðarson (1932). „Nokkrar forndysjar í Rangárþingi.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1932*:47-57.
- Ný *Jarðabók fyrir Ísland* (1861). Kaupmannahöfn: Jarðabókaútgáfan.

- Ólafur Eggertsson (2009). *Viðargreiningar, niðurstöður. Óútgefin skýrsla.*
- Ólafur Ólavíus (1965). *Ferðabók*. II. bindi. Steindór Steindórsson (þýð.). Reykjavík: Bókfellsútgáfan.
- Ritmálssafn Orðabókar Háskólans.* (e.d.) Söfnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt 15. janúar 2010 á http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_gagnasafn_ritmal.
- Sóknalýsingar Vestfjarða* (1952). II. bindi. Ísafjarðar- og Strandasýslur. Reykjavík: Samband Vestríðzkra Átthagafélaga.
- Sunnlenskar Byggðir* (1986). I. bindi. Tungur, Hreppar, Skeið. Páll Lýðsson bjó undir prentun. [Selfoss]: Búnaðarsamband Suðurlands.
- Sunnlenskar Byggðir* (1987). V. bindi. Rangárþing vestan Eystri-Rangár. Þórður Tómasson bjó undir prentun. [Selfoss]: Búnaðarsamband Suðurlands.
- Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags* (1968). Rangárvallasýsla. Reykjavík: Rangæingafélagið í Reykjavík.
- Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags* (1979). Árnessýsla. Reykjavík: Sögufélag.
- Sýslu- og sóknalýsingar Hins Íslenska bókmenntafélags* (1994). Þingeyjarsýslur. Reykjavík: Gott mál hf.
- Stenberger, Mårten. (1943a). „Snjáleifartóttir, Þjórsárdalur.“ Í Stenberger, M. (ritstj.) *Forntida Gårdar i Island sommeren 1939*. Kaupmannahöfn: Munksgaard.
- Stenberger, Mårten (1943b). „Ísleifsstaðir, Borgarfjarðarsýsla.“ Í Stenberger, M. (ritstj.) *Forntida Gårdar i Island sommeren 1939*. Kaupmannahöfn: Munksgaard.
- Stummann Hansen, Steffen (2003). „Pompeii Íslands.“ Mjöll Snæsdóttir (þýð.). *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2000-2001*:69-112.
- Sveinn Pálsson (1945). *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. Reykjavík: Snælandsútgáfan.
- Valtýr Guðmundsson (1889). *Privatboligen på Island i sagatiden samt delvis i det øvrige Norden*. Kaupmannahöfn. Adr. Fred. Høst & Søn's forlag.
- Voionmaa, Jouko (1943). „Lundur, Borgarfjarðarsýsla.“ Í Stenberger, M. (ed.) *Forntida Gårdar i Island sommeren 1939*. Kaupmannahöfn: Munksgaard.
- Þjóðviljinn* (1901). „Sögusafn Þjóðviljans: Blóðöxin.“ *Þjóðviljinn* 15(11-12).

- Þorleifur Jónsson (1880). „Ágrip af æfi nokkurra presta í Presthólum II.“ *Norðanfari* 19(19-20):40.
- Þorvaldur Friðriksson (1982). *Keltiska hustyper på Island*. Ritgerð til. B.A. prófs í fornleifafræði. Gautaborg: Háskólinn í Gautaborg.
- Þorvaldur Friðriksson (1983). „Komnir af Keltum ekki síður en norskum skerkóngum.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 20. október 1983.
- Þorvaldur Thorodssen (1919). *Lýsing Íslands*. III. bindi. Landbúnaður á Íslandi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
